

HRÚTASKRÁ

2023 - 2024



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

Kraftblanda-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Kraftblanda-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	19
Bæklingur um riðumál.....	27
Hrútar 2022-23, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	32
Vesturland	
Hyrndir hrútar	34
Kollóttir hrútar	44
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2023.....	50
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2023.....	51
Árangur sæðinga.....	52
Að loknum lestri hrútaskrár.....	53
Fallnir hrútar 2022-2023.....	53
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	54

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Kraftur 19-883	8
Alli 19-885	8
Lási 19-904 (nýr)	9
Grettir 20-877	10
Jaður 20-891	10
Kátur 20-905 (nýr)	11
Pór 21-896	11
Böggull 21-911 (nýr)	12
Frosti 22-913 (nýr)	12
Krókur 23-923 (nýr)	14
Fannar 23-925 (nýr)	14
Birkiland 23-927 (nýr)	16
Hraunar 23-929 (nýr)	16
Bolti 23-932 (nýr)	18

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Svörður 18-854	19
Kalli 20-893	19
Fáli 20-906 (nýr)	20
Flóni 21-912 (nýr)	20
Kristall 23-917 (nýr)	22
Móði 23-921 (nýr)	22
Atlas 23-924 (nýr)	23
Starri 23-928 (nýr)	23

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Loki 20-907 (nýr feldhrútur)	24
Frakki 20-895 (forystuhrútur)	24
Steinríkur 21-916 (nýr forystuhrútur)	25

VESTURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Angi 18-882	34
Askur 19-884	34
Laxi 19-903 (nýr)	35
Austri 20-892	35
Sævar 21-897	36
Strokkur 21-898	36
Bogi 21-909 (nýr)	38
Glitri 21-910 (nýr)	38
Úlli 22-914 (nýr)	39
Bjarki 23-922 (nýr)	39
Styrmir 23-930 (nýr)	40
Jór 23-931 (nýr)	42
Tjaldur 23-933 (nýr)	42

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Móri 19-888	44
Kústur 19-889	44
Kópur 20-908 (nýr)	45
Prúður 22-915 (nýr)	46
Blær 23-918 (nýr)	46
Moli 23-919 (nýr)	47
Hreinn 23-920 (nýr)	48
Steinn 23-926 (nýr)	48

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Brúsi 18-881 (feldhrútur)	49
Fjalli 17-861 (forystuhrútur)	49

Hrútaskrá 2023-2024

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Mynd á forsíðu: Í sumarhögum í Húsavík eystri.

© Halla Eygló Sveinsdóttir.

Myndir af hrútum Halla Eygló Sveinsdóttir og Torfi Bergsson.

Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af sauðfjárræktar-
ráðunautum RML.

Umbrot: Rósa Björk.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan,

nóvember 2023

SKÝRINGAR

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Árni Brynjar Bragason hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búna.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

LAMBHRÚTASKODUN


Í einhverjum tilvikum er munur á fjölda í töflum yfir niðurstöður lambhrútaskoðunar og texta í reynslulýsingum. Sá munur liggur í að í töflunum er búið að leiðrétta mælingar gagnvart þunga og gögnin því tekin fyrr út en þær fjöldatölur sem hafðar voru til hliðsjónar við reynslulýsingar þegar búið var að skrá fleiri dóma.

KYNBÓTAMAT (BLUP)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr skýrsluhaldi, í því felst mat á kynbóttagildi gripanna þ.e. hverju þeir eru líklegir til að skila til afkvæma sinna. Í sauðfjárrækt er reiknað kynbótamat fyrir gerð og fitu sláturlamba, bakvöðvaþykkt (ómvöðva) og fituþykkt fyrir bakvöðva (ómfitu) úr lambadómum, lif- og fallþunga haustlamba, ásamt frjósemi og mjólkurlagni áa. Kynbótamatid er staðlað þannig að meðaltal síðustu 10 árganga er 100.

Í sviga í súluritum hrútanna birtast upplýsingar um fjölda afkvæma með mælingu fyrir hvern eiginleika í útreikningi kynbótamatsins ($n = x$).

Heildareinkunn kynbótamatsins



KYNBÓTAMAT FYRIR GERÐ, FITU OG BAKVÖÐVA

Í mati fyrir GERÐ og FITU sláturlamba eru nú keyrðir saman sem tengdir eiginleikar ómvöðva- (ÓMV) og ómfitu- (ÓMF) mælingar úr lambaskoðunum, sem byggja á bakvöðvamælingu og fitu yfir bakvöðva. Með því eykst öryggi kynbótamatsins fyrir slátureenleikana og það lagar bjögun á gerðarmati hrúta sem mikið er sett á undan. Í líkönum fyrir GERÐ, FITU, ÓMV og ÓMF er leiðrétt fyrir þungaflokki, kyni, bú og ári

KYNBÓTAMAT FYRIR FALLÞUNGA

FALLÞUNGA- og LÍFÞUNGA mælingar haustlamba eru keyrðar saman í kynbótamati sem tengdir eiginleikar. Einkunnir fyrir þunga skiptast svo niður í einkunnir fyrir bein áhrif og mæðraáhrif. Einkunnir fyrir bein áhrif eru mat á vaxtargetu lambanna sjálfra. Dæmi: Feður þunga og vænna lamba við vigtnun og/eða slátrun fá góðar einkunnir fyrir FALLÞUNGA bein áhrif. Einkunnir fyrir mæðraáhrif eru mat á afurðasemi áa/dætra og koma í stað kynbótamats fyrir mjólkurlagni. Dæmi: Reyndir hrútar sem fá góðar einkunnir fyrir mæðraáhrif FALLÞUNGA eiga dætur sem eru mjólkurlagnar og skila af sér þungum lömbum eftir sumarið. Í líkönum fyrir þunga er leiðrétt fyrir kyni, burði lamba, fjölda lamba sem gengu með móður, aldri móður, bú, ári og aldri lamba við vigtnun/slátrun.

KYNBÓTAMAT FYRIR MJÓLKURLAGNI OG FRJÓSEMI

Upplýsingar um afurðastig og fædd lömb fyrstu fjögur afurðarár áa eru notaðar til að reikna mat fyrir MJÓLKURLAGNI og FRJÓSEMI. Í samsettri einkunn fyrir MJÓLKURLAGNI hefur hvert ár 25% vægi. Í samsettri einkunn fyrir FRJÓSEMI er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mógulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir móræðan lit, en móræð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísunum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er að hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.

Það borgar sig að spá í spilin!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Af hverju að leita ráða hjá RML ?

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurðanna
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Áttu jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu ?
- Langar þig að hefja búskap eða breyta um búskaparform ?
- Viltu bæta reksturinn eða byggja nýtt ?
- RML veitir opinberum aðilum ráðgjöf varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvis – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR



SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs eða á netfangið **sveinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum **480 1800 / 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG Á SUÐURLANDI:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar **9.- 12. des.**

Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsvæitir Árnassýslu. **13. - 16. des.**

Uppsveitir Árnassýslu > **17.- 20. des.**

Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum **frá og með 1. des. og til og með 9. des.**

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....	1.520 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....	1.280 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....	1.100 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	1.030 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	990 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Pakkning með 50 hlífðarrörum kostar kr 1000,-

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 23:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**

Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.

Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í **fjarvis.is** af viðkomandi bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Miðvikudaginn 29. nóv. kl. 13:00-17:00 hjá Lbhí á Hvanneyri / Hesti
Fimmtudaginn 30. nóv. kl. 13:00-17:00 á Stóra Ármóti

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, **www.lbhi.is**.
eða endurmenntun.lbhi.is.

ÍSLENSKT FÓÐUR

FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnauðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambaköggjar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm köggjar.




* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í pósthúmer 101-371 og 800-881

19-883 KRAFTUR

H154

frá Skarði, Landsveit.



MMF: Gosi 09-850



19-883

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hornin fremur kröpp og gróf en hausinn breiður og svipmikill. Bolur langur og holdfylling góð í lærum. Afar langvaxinn og gerðarlegur hrútur. Fótleggur 121 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur en ljósgulur í hnakka. Gul hár fundust ekki í reyfi. Svartur blettur á baki. Togið heldur gróft og þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Kraftur 19-883 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Síðasta vetur var hann töluvert notaður og átti stóran hóp afkvæma í dómum, yfir 300 gimbrar og rúmlega 200 lambhrúta. Lambhrútar undan honum eru þroskamiklir með þykkan bakvöðva og sterk lærahold. Lömb undan Krafti flokkast prýðilega í sláturhúsi og fóru 73% í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 15,6% í E.

Dætur Krafts á heimabúi eru ágætlega afurðasamar með 5,06 í afurðaeinkunn 2022 en eru heldur undir meðaltali búsinns í frjósemi. Til eru upplýsingar fyrir 26 tvævetlur og 11 eldri ær. Settar voru á 30 gimbrar undan honum haustið 2022 og skiluðu þær 1,17 lömbum í vor, en meðaltal búsinns var 1,16.


Litaerfðir: Kraftur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvilit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ)

Mál og stigun: Lambsdómur ekki til.

Lambhrútaskoðun 2023

Fjöldi	195
Þungi	48,5
Fótleggur	109,1
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	32,0
Ómfita	2,7
Lögun	4,3



19-885 ALLI

frá Snartarstöðum 2, Núpasveit.



MFF: Gaur 09-879, MMFF: Kveikur 05-965



19-885

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Þéttvaxinn hrútur með góða bollengd og breiðan og holdugan afturpart. Fallegur hrútur á velli. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur en gular illhærur finnast á mölum. Togið fremur fint og liðað. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Allí 19-885 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann fékk góða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og fengu aðeins þrjár stöðvahrútar meiri notkun. Nú er búið að skrá dóma á um 260 syni hans og um 330 gimbrar. Þetta eru fremur langvaxin en yfirleitt jafnvaxin lömb. Margir synir Alla voru með áberandi breiðan og vel holdfylltan frampart. Þeir mynduðu nokkuð samstæðan hóp og var talsvert af stórglæsilegum hrútsefnum þar að finna. Um 73% sláturlamba undan Alla flokk-uðust í E og U, þar af 23% í E.

Frjósemi dætra fer ágætlega af stað og í takt við kynbótamatíð en 26 dætur á Snartarstöðum voru nálægt búsméðaltalinu í vor. Mjólklagn dætra Alla lofar mjög góðu. Upplýsingar um afurðir dætra á heimabúi nú í haust liggja fyrir og er 21 dóttir hans með 5,35 afurðastig að meðaltali. Allí virðist ætla að standa vel undir væntingum um sterkan alhiða kynbótahrút fyrir ræktunarstarfið.


Litaerfðir: Allí er arfhreinn hvítur

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-50-108-34/3,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun 2023

Fjöldi	257
Þungi	47,4
Fótleggur	108,2
Læri	17,8
Ull	8,1
Ómvöðvi	32,1
Ómfita	3,1
Lögun	4,2



NÝR

19-904
LÁSI


frá Breiðabólstað, Fellsströnd.



19-904

Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag. Jafnvaxinn og dugnaðarlegur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2023.**Ullarlýsing:** Svartdröfnóttur á haus og aðeins gulur í hnacka á dindli og fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi og ullarmagn í meðallagi**Reynsla:** Lási 19-904 var valinn til notkunar á stöðvunum sumarið 2023. Hann hefur reynst alhliða sterkur kynbótahrútur heima á Breiðabólstað og lofar ekki síst góðu sem ærfaðir. Hann hefur verið talsvert mikið notaður síðastliðin fjögur ár á heimabúi og er meðalfallþungi 186 sláturlamba undan honum á því tímabili 16,9 kg, gerðareinkunn þeirra 10,8 og fyrir fitu 6,7. Nokkur reynsla er kominn á Lása sem ærföður heima á Breiðabólstað. Ellefu tvævetur undan honum báru 2,09 lömbum nú í vor. Kynbótamat Lása fyrir mjólkurlagni dætra og mæðraáhrif á líf- og fallþunga er mjög sterkt. Móðir Lása, Fellsbrún 16-658, var einlembd sem gemlingur, síðan tvílembd, þá þrílembd, þá aftur tvílembd en hefur verið einlembd síðustu tvö árin. Hún er með 8,4 afurðastig fyrir 6 ár.

Tekið skal fram, í ljósi þess að Glæpon 17-809 frá Hesti reyndist arfberi gulrar fitu, að Lási hefur undirgengist erfðapróf sem gefur til kynna að hann beri ekki þann galla.

Litaerföir: Lási er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít en móðir hans er hreinhvít.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).**Mál og stigun:** 2019-48-109-31/3,2/4,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=83,5 stig.

Sprettur ÁBURÐUR


þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur

20-877 GRETTIR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



FFF: Danni 12-923; MFFF: Börkur 13-952; MFMF: Bekri 12-911;
MMFF: Kjarni 13-927; MMMF: Tinni 15-968



20-877

Lýsing: Mórauður, finhyrndur með vanin horn. Hausinn friður og herðarnar breiðar og holdgrónar. Bolurinn sívalur. Frábær bakhold. Malir kúptar og holdfylltar. Lærvöðvi afbragðsþykkur; kúptur og lokar klofi vel. Holdahnykill. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Ljós mórauður; talsvert um ljós hár í reyfi. Reyfið togmikið og togíð langt. Þelið fremur lítið.

Reynsla: Grettir 20-877 er að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk góða notkun síðasta vetur og hafa nú verið skráðir dómar á um 170 syni hans og um 290 gimbrar. Þetta eru jafnan þroskamikil lömb með þykkun og vel lagaðan bakvöðva. Holdfylling í afturparti var aðeins breytileg en mikið kom samt fram af lömbum sem voru mjög vel holdfyllt hvar sem á þeim var tekið og hafa sumir synir hans vakið athygli á hrútasýningum í haust. Tæp 75% sláturlamba undan Gretti flokkuðust í E og U, þar af tæp 20% í E.


Kynbótamat Grettis fyrir frjósemi dætra hefur hækkað úr 109 í 117 milli ára. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni hefur einnig hækkað og þær upplýsingar sem eru að koma fram um Grettisdætur í haustskilunum eru lofandi. Útít er því fyrir að Grettir reynist frábær alhliða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Grettir er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, hefur erfðavisi fyrir tvílit og þar með hreinhvítu.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-47-105-35/2,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2022	2023
Fjöldi	211	171
Pungi	47,9	48,4
Fótleggur	108,6	108,3
Læri	17,8	17,7
Ull	7,9	8,0
Ómvöðvi	32,0	33,3
Ómfita	2,8	2,9
Lögun	4,4	4,4



20-891 JAÐUR

frá Múlakoti, Lundarreykjadal.



MMMF: Mímír 04-951



20-891

Lýsing: Hvítur, svipfriður og finhyrndur með gott hornalag. Fremur langvaxinn og fallgur á velli. Rólegur og mesta gæðablóð í umgengni. Fótleggur 121 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur en gulur á haus og í hnacka. Gul hár finnast í reyfi en ekki áberandi. Togið fremur stutt og strítt og þelið í þynnra lagi. Fremur ullarlítill.

Reynsla: Jaður 20-891 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann fékk góða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og hafa nú verið skráðir dómar á um 140 syni hans og ríflega 190 dætur. Þetta eru alla jafna mjög þéttvaxin og harðholda lömb. Hrutahópurinn skipar þriðja sæti í þykkt bakvöðva af sonum stöðvahrúta þetta haustið. Mjög öflug mala- og læraholda eru eitt af einkennum Jaðurssona. Mikið var af prýðilegum hrútsefnum í hópnum. Óviða munu synir Jaðurs hins vegar bæta ullargæði. Rúmlega 78% sláturlamba undan honum flokkuðust í E og U, þar af tæp 27% í E. Jaður hefur styrkt stöðu sína talsvert í kynbótamati fyrir gerð nú í haust og hefur hækkað um fimm stig milli ára.


Mat á frjósemi dætra hefur lækkað nokkuð og er hann þar nú metinn meðalhrútur en mat á mjólkurlagni dætra stendur í stað milli ára. Jaður hefur nú þegar sýnt rækilega fram á að hann er öflugur lambafaðir en reynsla af dætrum hans skýrist betur á næsta ári.

Litaerfðir: Jaður er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2020-63-110-42/5,1/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	138
Pungi	46,9
Fótleggur	107,7
Læri	17,9
Ull	7,8
Ómvöðvi	34,0
Ómfita	2,9
Lögun	4,4



KÁTUR

frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.



20-905

Lýsing: Hvítur hyrndur. Holdgróinn, jafnvaxinn og harðholda hrútur með úrvalsgóð lærahold. Mikill glæsigripur. Fótleggur 117 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið hrokkið og fremur fínt. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Kátur 20-905 var valinn inn á sæðingastöð haustið 2023 að aflokinni afkvæmarannsókn hrúta í Ytri-Skógum. Hann stóð þar efstur samkvæmt heildar-einkunn. Kátur gefur holdgóð lömb og feiknasterk lærahold. Hlutu synir hans 17,9 stig fyrir læri en meðaltal rannsóknarinnar var 17,5. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og fyrir fitu 6,0. Meðaltöl afkvæmarannsóknarinnar voru fallþungi 18,1 kg, gerð 11,7 og fita 6,2.


Í vor áttu 7 veturgamlar dætur hans 1,71 lamb og 5 tvævetlur 2,20 lömb. Meðaltal búsinns var 1,34 lömb hjá veturgömlu ánum og 1,86 hjá tvævetrum ám. Kynbótamat Káts gefur einnig væntingar um að hann sé mjög sterkur gerðarhrútur og efnilegur ærfaðir.

Móðir Káts, Kátína 16-665, var einlembd gemlingur, hefur síðan einu sinni verið einlembd og einu sinni þrilembd en annars tvílembd. Hún er með 4,3 í afurðastig.

Litaerfðir: Kátur er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-49-105-38/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.

**ÞÓR**

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

C151



21-896

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með stuttan og svipmikinn haus. Afar sívalur og bringubreiddur með einstaklega vel holdfylltar malir og feykileg lærahold. Samanrekin og frísklegur holdaköggull. Fótleggur 115 mm í október 2022

Ullarlýsing: Svartdröfnöttur á haus og eyrum. Ljósugulur í hnacka og gul hár finnst á mölum. Togið fremur gróft og slétt en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Þór 21-896 er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk talsvert mikla notkun á sínum fyrsta vetri og hafa verið skráðir dómar á um 120 hrúta undan honum og um 130 gimbrar. Synir Þórs eru alla jafna lágfættir og þéttvaxnir. Sumir voru aðeins hrjúfir um herðar en að öðru leyti einkenndi þennan hóp jöfn og góð holdfylling í baki og lærum. Sláturlömb undan Þór flokkuðust vel og fóru 78,5% þeirra í E og U, þar af rúm 19% í E. Þór hefur hækkað um fjögur stig í kynbótamati fyrir gerð milli ára.

Mat á frjósemi og mjólklagnni stendur óbreytt enda hrúturinn ungur og eru aðeins til fáar dætur heima í Ytri-Skógum. Sjö veturgamlar dætur hans þar áttu 1,29 lömb en veturgömlu ærnar á búinu áttu að meðaltali 1,45 lömb. Þór er arfblendinn fyrir breytileikanum C151 sem veitir mótstöðu gegn riðusmiti. Þór hefur margt til brunns að bera sem mælir með því að hann fái góða notkun áfram.


Litaerfðir: Þór er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁ RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-52-103-32/3,1/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun 2023

Fjöldi	119
Þungi	46,8
Fótleggur	107,0
Læri	18,0
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	3,5
Lögun	4,2



NÝR

21-911 BÖGGULL

frá Kerlingardal, Mýrdal.



21-911

Lýsing: Svartgolsbotnóttur hyrndur. Sívalur, bringubreiður, harðholda hrútur með mjög öflug lærahold. Fótleggur 114 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Togið fremur fínt, hrokkið en dálítið stutt. Pelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Böggull 21-911 er valinn á sæðingastöð vegna góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi og með hliðsjón af lofandi kynbótamati fyrir mæðraeinleika. Böggull skilaði bestri gerð afkvæma af öllum hrútum í Kerlingardal haustið 2022 og í haust var hann meðal efstu hrúta og skilaði góðum vænleika. Haustið 2022 var fallþungi lamba undan honum 17,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og fyrir fitu 7,2. Meðaltal búsinns var fallþungi 17,2 kg, einkunn fyrir gerð var 9,7 og fyrir fitu 6,7. Í vor áttu 4 veturgamlar dætur Bögguls 1,50 lömb en meðaltal búsinns var 1,32.


Móðir Bögguls, Gjóf 14-418, er góð afurðaðer með 7,3 í afurðastig. Hún átti 1 lamb veturgömul, hefur einu sinni verið einlembd (Böggull er einlembingur) og einu sinni þrílembd og annars tvílembd. Tveir lambhrútar og sjö gimbrar hafa verið sett á undan henni.

Böggull er mislitur hrútur sem hefur alla burði til að reynast öflugur kynbótahrútur líkt og BLUP-kynbótamatið gefur til kynna.

Litaerfðir: Böggull 21-911 er svartgolsbotnóttur og erfir því bæði golsótt og botnótt en gefur líklega hvorki mórault né tvílitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-56-105-32/4,2/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.




NÝR

22-913 FROSTI

frá Ásgarði, Hvammssveit.

H154



MFFF: Burkni 13-951; MMMF: Knapi 07-868



22-913

Lýsing: Hreinhvítur krapphyrndur, fremur smágerður, aðeins þröngur um herðar en annars þryðilega vel gerður og harðholda. Fótleggur 116 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með fremur gróft tog en þykkt þel. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Frosti 22-913 var valinn til notkunar á sæðingastöðvunum vorið 2023. Við val hans var sérstaklega horft til þess að hann er arfhreinn fyrir arfgerðinni AHQ sem býr yfir verndandi eiginleikum gegn riðusmiti. Öll hans afkvæmi munu því erfa frá honum AHQ-genasamsætuna.

Fyrstu upplýsingar um afkvæmi hans lofa góðu en þau eru rétt um meðallag í vænleika. Í haust var slátrað 44 lömbum undan Frosti, sem voru 18,6 kg að meðaltali, einkunn fyrir gerð var 12,0 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðalfallþungi á búinu var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og einkunn fyrir fitu 7,3. Af einstökum hrútum á Frosti jafnframt stærsta hópinn í líflömbunum í Ásgarði. Þau dæmdust vel en bollengd þeirra er í tæpu meðallagi miðað við aðra afkvæmahópa á búinu.


Frosti er óreyndur sem ærfaðir líkt og aldur hans gefur til kynna en BLUP-kynbótamat hans fyrir mæðraáhrif, lífþunga og fallþunga er með því hæsta meðal hrútanna á sæðingastöðvunum og gefur fyrirheit um að dætur hans verði góðar mjólkuræ. Hálfstýr hans vitt um land, dætur Heimakletts 16-826 hafa reynst öflugar mjólkuræ en frjósemi þeirra verið rétt um meðaltal.

Móðir Frosti, 19-837, er bæði frjósomeg og öflug afurðaðer. Hún var tvílembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd og þrílembd núna í vor. Hún hefur 7,8 afurðastig og einkunn 12,0 fyrir gerð sláturlamba.

Litaerfðir: Móðir Frosti er grábotnótt, flekkótt. Frosti er líklega arfblendinn botnóttur í A-sæti, gefur tvílitt og hreinhvít en líklega ekki mórault. Dökku lömbin í vor voru það fá að víðtækari notkun gegnum sæðingar verður að varpa betra ljósi á hvernig litaerfðir hans eru.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: Gildur lambsdómur er ekki til.





ALLT FYRIR SAUÐFÉ!

Fjárþætir - Grindur - Fjárvogir o.fl.

ÁRAMÓTATILBOÐ!

GRINDUR FYRIR SAUÐFÉ

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé

Lengdir:

1,22m - kr. 10.322 - 20% afsl. - kr. 8.258

1,52m - kr. 11.154 - 20% afsl. - kr. 8.923

1,83m - kr. 11.959 - 20% afsl. - kr. 9.567

2,44m - kr. 13.352 - 20% afsl. - kr. 10.682

Hæð: 0,90m

Afsláttur gildir á meðan birgðir endast!



20%
afsláttur

Fjárþætir

BRETTATILBOÐ!



REKSTRARGANGUR FYRIR SAUÐFÉ MEÐ PLASTHLIÐUM!



VERÐ: 247.876 kr.

Allar hliðar eru nú úr plasti sem gerir það að verkum að hávaði minnkar.

Rekstrargangurinn samanstendur af:

- 1 fellihlið
- 1 flokkunarhlið, "fram"
- 1 tengirammi
- 6 tengipinnar
- 4 stk. 2500mm hliðgrindur

NÝTT!
Plast í
hliðum!

Aukahlutir fyrir rekstrarganginn:

- Flokkunarhlið, "til hliðar"
- Tengirammi
- Einstefnuhlið

Athugið - Hægt er að kaupa stakar plasthliðar!



HLIÐGRINDUR - FJÁRVOGIR - FJÁRÞÆTIR - VELTIBÁSAR

*Öll verð eru með vsk.

NÝR

23-923

KRÓKUR

frá Skarðaborg, Reykjahverfi.

R171

GIMSTEINN 21-899

frá Þernunesi

FÝLA 21-148

KUBBUR 20-004 ~ KATRÍN 20-071
frá Melum I

KAPALL 15-102 ~ PRESSA 19-090

MFF: BÓSI 08-901; MMF: DRJÚGUR 17-808



23-923

Lýsing: Hvítur sívalhyrndur. Breiðvaxinn og bollangur hrútur með ágæta holdfyllingu.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka og á fótum en gul hár fundust ekki í reyfi. Togið fremur strítt og í meðlaggi fint. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðlaggi.


Reynsla: Krókur 23-923 er sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi og arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum.

Móðir Króks, Fýla 21-148, átti eina gimbur gemlingur sem sett var á og síðan tvö lömb nú í vor. Hún er með 6,3 afurðastig fyrir þessi tvö ár.

Litaerfðir: Krókur á engin afkvæmi. Flest bendir til þess að hann reynist arfhreinn hvítur miðað við ætternið en litaerfðir hans skýrast næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-44-108-34/3,3/4,5-7,5-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig.



NÝR

23-925

FANNAR

frá Svínafelli 2 - Víðihlíð, Örfelum.

H154

R171

HORNSTEINN 22-901

frá Þernunesi

FANNHVÍT 17-725

GIMSTEINN 21-899 ~ 21-033

NEISTI 15-482 ~ FERNA 13-371

MFF: DANNI 12-923; MFME: RAFTUR 05-966; MMFF: LAGÐUR 07-847



23-925

Lýsing: Hreinhvítur hyrndur. Bollangur og mjög vel holdfylltur hrútur með afar öflug mala- og lærahold. Tápmikið og glæsilegt lamb.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, togið fremur slétt en ekki gróft. Þelið þykkt og hrúturinn ullarmikill.

Reynsla: Fannar 23-923 er sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi og arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum.


Fannhvít 17-725 móðir Fannars var tvílembd gemlingur en einlembd bæði tveggja og þriggja vetra. Síðan hefur hún verið tvisvar tvílembd og einu sinni þrílembd. Hún er með 7,2 afurðastig fyrir 6 ár. Þó svo Fannhvít hafi verið einlembd bæði tveggja og þriggja vetra er kynbótamat hennar fyrir frjósemi 108. Móðir hennar og móðurmóðir voru mjög frjósamar ær og hægt að rekja ættir þeirra til hrútsins Húns 92-809 frá Hesti, sem bar Þokugenið, en ætla má að það gen hafi þó ekki borist til Fannhvítar.

Litaerfðir: Fannar á skiljanlega engin afkvæmi enn. Móðir hans Fannhvít 17-725 hefur aðeins átt hvít lömb og því mestar líkur á að Fannar reynist

arfhreinn hvítur miðað við reynsluna af foreldrunum. Móðurfaðir hans Neisti 15-482 gaf þó bæði svart og tvílit. Litaerfðir Fannars skýrast endanlega næsta vor. Það er þó ljóst nú þegar að hann ætti að skila talsverðu af hreinhvítu ef mæður lambanna gefa færi á því.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2023-58-111-34/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=87,0 stig



VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ

Búvörur

Fyrir Bú & Borg



Stalosan F 15 kg poki



Frábær forvörn gegn slefsýki

Náttúrulegt sóttreinsiduft
Stalosan F vinnur gegn bakteríum,
vírusum, sveppum og snýkjudyrum.
Með góðum forvörnum sparast vinna
og kostnaður við lyf.

Ærblanda SS 15 kg pokar / 750 kg sekkir



Óerfðabreytt kjarnfóður
Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2%
hrápróteini.
Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum.
Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

Vitlick Soft Sheep 15 kg fata

Stein- og snefilefnarík bætiefnafata
með hvítlauk sem er hentug með
vetrarfóðrun. Hátt seleninnihald.



Salto Får saltsteinn 10 kg steinn

Saltsteinn sem inniheldur náttúrulegt
bergsalt og má notast við lífræna
ræktun.
Inniheldur stein- og snefilefni, þar á
meðal selen.



Búvörur SS | S: 575 6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575 6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verslun Dufpaksbraut 3, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

NÝR

23-927

BIRKILAND R171

frá Austurhlíð, Biskupstungum.



23-927

Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur. Afar útlögumikill, breið- og langvaxinn. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi mjög vel. Glæsilegt lamb á velli.


Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Lítið um gul hár í reyfi. Togið langt og liðað og hrúturinn ullarmikill.

Reynsla: Birkiland 23-927 er sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi og er arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum. Móðir hans, Adda 19-404, átti eitt lamb gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún er með 5,7 afurðastig fyrir þrjú ár. Nú í haust voru tvílembingarnir undan henni og Gullmola 22-902 samtals 110 kg á fæti.

Litaerfðir: Birkiland á skiljanlega engin afkvæmi enn. Gullmoli faðir hans er arfblendinn hvítur og gefur svart og tvílitt en ekki mórautt. Adda 19-404 hefur aðeins átt hvít lömb til þessa en móðurfaðir hennar Pipar 13-706 var svartbotnóttur. Hvort Birkiland skilar einhverju öðru en hvítum lömbum kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-59-1 | 13-27/4,2/3,5-8,0-9,5-9,0-8,0-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=87,5 stig.




NÝR

23-929

HRAUNAR R171

frá Brúnastöðum, Flóa.



23-929

Lýsing: Hvítur, hyrndur, jafnvaxinn hrútur; en aðeins vantar upp á þroska til að hann sýni sitt rétta atgervi.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og ljósgulur á dindli og á fótum. Togið fremur stutt og strítt, í grófara lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.


Reynsla: Hraunar 23-929 er sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum.

Móðir hans, Mygla 19-524, var tvílembd gemlingur; þrílembd tvisvar í kjölfarið og síðan tvílembd nú í vor. Hún er með 8,1 afurðastig fyrir þrjú ár. Slátrað hefur verið undan henni sjö lömbum sem öll hafa farið í gerðarflokk E nema eitt sem fór í U.

Litaerfðir: Hraunar á engin afkvæmi. Mygla móðir hans hefur aðeins átt hvít lömb til þessa en faðir hennar Klettur 13-962 frá Borgarfelli var arfblendinn hvítur og gaf m.a. mórautt. Líklegt er að Hraunar reynist arfhrein hvítur en litaerfðir hans skýrast næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-41-104-27/2,2/3,0-8,0-9,0-8,5-8,0-8,5-17,5-8,5-8,0-8,0=84,0 stig.





LÍFLAND

Kjarngóðar ærblöndur

Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.

Ærblanda

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Bætiefni

Ærblöndurnar fást í 25 kg og 500 kg sekkjum

TILBOÐ Á FLUTNINGI

Þú færð **Ærblöndur** sendar frítt á stöð hjá Samskipum hvert á land sem er eða frían flutning með Líflandsbílum á viðeigandi dreifingarsvæði skv. áætlun. Gildir til 1. desember 2023 og m.v. að pantaður sé minnst heill stórsekkur eða 12 smásekkir.



Sauðfjárfata

Bætiefnafata sérstaklega ætluð íslensku sauðfé. Auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum.



Kalksalt

Bætiefnafata framleidd úr endurnýttu salti úr fiskvinnslu og hafkalki úr Arnarfirði auk þess að vera selen, A-, D-, og E-vítamínbætt.



HIMAG magnesíum fata

Með viðbótarmagn af magnesíum og hagstætt hlutfall kalsíum og fosfórs. Rík af öllum helstu stein- og snefilefnum og vítamínum.



FW steinefnasteinn

Steinefna- og selenbættur saltsteinn fyrir allan bústofn. Koparsnaður og hentar því sauðfé.



BIGGI Alhliðablanda

Fínt möluð steinefnablanda fyrir búfénað. Aðlöguð að íslensku gróffóðri með háu innihaldi selens og E- vítamíns.



Ekta bætiefnasaltsteinn

Bætiefnafata unnin úr íslensku afsalti úr fiskvinnslu, kalkþörungamjöli auk þess að vera selen, A-, D- og E-vítamínbætt.



Alhliðasteinn

Saltsteinn framleiddur úr náttúrulegu salti án aukaefna. Hentugur fyrir allan búfénað í hefðbundnum og lífrænum búskap.



Super Booster fyrir sauðfé


Styrkjandi sérþóður á fljótandi formi sem styður við heilbrigði og frjósemi í ám og lömbum, hefur jákvæð áhrif á broddgæði og þrif lamba.

NÝR

23-932 BOLTI

frá Reykjum, Hjaltadal.

T137



FMMF: Bjartur 15-967; MFF: Bekri 12-911; MFMF: Fálki 06-834; MMF: Höfðingi 10-919

23-932



Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Breiðvaxinn hrútur með góða bollengd. Góð holdfylling í baki, á mölum og í lærum. Vörpulegur hrútur.


Ullarlýsing: Sterkgulur í hnacka og á fótum. Stöku gul hár finnast í reyfi hér og þar. Togð í meðallagi að lengd og þelið fremur þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Bolti 23-932 er arfblendinn fyrir breytileikanum T137. Hann mun mögulega skila þeirri verndandi genasamsætu áfram til helmings afkvæma sinna. Móðir Bolta, 20-046 var geld sem gemlingur, tvílembd tvævetla og kom síðan þrílembd nú í vor. Hún hefur 4,8 afurðastig fyrir tvævetluárið. Hún skilaði tveim vænum lömbum heim í haust og því líkleg til að hækka í afurðastigum.

Litaerfðir: Bolti á skiljanlega engin afkvæmi. Móðir hans er hreinhvít en arfblendin, hefur átt eitt svartfleckkótt lamb. Móðir hennar, Mandla 16-019, var dökkmórauð. Það eru því einhverjar líkur á því að Bolti geti gefið eitthvað annað en hvítt og fæst úr því skorið á komandi vori. Þar sem móðir hans er hreinhvít ætti Bolti að skila einhverjum hreinhvítum lömbum þó hann sé það ekki sjálfur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2023-51-110-38/2,8/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.



Weckman stálgrindarhús

- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Henta vel fyrir gripahús, hlöður, reiðhallir og tækja- og vélageymslur.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.



Yleiningar

Með steinullar eða PIR kjarna



Stálklæðningar

Fjöldi tegunda og lita í boði



H. HAUKSSON EHF.

Ögurharvi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

18-854 SVÖRDUR

N138

frá Hesti, Borgarfirði.



18-854

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver. Herðar breiðar og útlögur miklar. Bakið breitt og sterkt. Malir breiðar og lærahold góð. Bollangur glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið langt og fremur gróft en þelið frekar þunnt.

Reynsla: Svörður 18-854 er að hefja sinn fjórða vetur á stöð. Hann var allmikið notaður síðastliðinn vetur og er búið að skrá dóma á 80 lambhrúta og 90 gimbrar undan honum. Synir hans eru þroskamiklir eins og jafnan áður og eru þeir næstþyngstir á fæti af sonum stöðvahrútanna þetta árið. Þetta eru að jafnaði langvaxnir og holdmiklir hrútar með mikla og góða ull. Tæplega 69% sláturlamba undan Sverði flokkuðust í E og U, þar af 11% í E. Svörður hækkar um þrjú stig fyrir gerð sláturlamba milli ára.


Mat á frjósemi dætra hefur hækkað talsvert en mat á mjólkurlagni þeirra lækkað aðeins. Hann stendur enn sterkur í kynbótamati sem ærfaðir og alveg óhætt að fullyrða að hann sé alhiða góður kynbótagripur.

Litaerfðir: Svörður er arfblendinn hvítur, gefur mórault, tvílit og hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2018-54-111-31/2,7/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022	2023
Fjöldi	52	98	80
Pungi	50,5	50,3	50,3
Fótleggur	109,4	111,8	110,0
Læri	17,8	17,9	17,7
Ull	8,2	8,4	8,5
Ómvöðvi	30,5	31,1	30,6
Ómfita	3,2	3,0	3,4
Lögun	4,0	4,2	4,2



20-893 KALLI

frá Valþúfu, Fellsströnd.



20-893

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Jafnvaxinn og gerðarlegur hrútur með kúptan og vel lagaðan lærvöðva. Lagleg kind. Fótleggur 119 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur stutt en fínt og liðað. Þelið fremur þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Kalli 20-893 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann var dálítið notaður síðastliðinn vetur og er búið að skrá dóma á rúmlega 40 lambhrúta undan honum og ríflega 70 gimbrar. Synir Kalla liggja nærri meðaltali sona stöðvahrútanna í lífþunga og þykkt bakvöðvans. Þeir stigast vel, ekki síst fyrir framtíðinn og holdfylling í mölum og lærum er mjög góð hjá mörgum þeirra. Um 67% sláturlamba undan Kalla flokkuðust í E og U, þar af 11% í E. Kynbótamat Kalla fyrir gerð sláturlamba hefur hækkað úr 107 í 110 milli ára.


Mat á mjólkurlagni dætra hefur hækkað um fimm stig en mat á frjósemi dætra hefur lækkað um fimm stig. Átta tvævetur undan Kalla heima á Valþúfu áttu að jafnaði 2,0 lömb nú í vor en meðalfrjósemi hjá þessum árgangi á búinu var 1,76 fædd lömb. Útkoman hjá níu veturgömlum dætrum hans var ekki jafn góð en þær áttu 0,67 lömb en meðalfrjósemi veturgömlu ána á búinu var 1,04 fædd lömb. Reynsla af dætrum hans á landsvísi á næsta ári mun kveða upp úr með hversu öflugur Kalli er sem ærfaðir. Hann hefur heldur styrkt stöðu sína og er ekki náskyldur þeim ættarlínum sem hafa verið ríkjandi hjá kollóttu stöðvahrúttunum á allra síðustu árum.

Litaerfðir: Kalli er arfblendinn hvítur, erfir mórault, tvílit og hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-44-106-30/4,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	42
Pungi	47,7
Fótleggur	109,3
Læri	17,8
Ull	8,3
Ómvöðvi	31,5
Ómfita	4,5
Lögun	4,0




NÝR

20-906
FÁLI

frá Hægindi, Reykholtssdal.

N138



20-906

Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur með svipmikinn haus. Jafnvaxinn og mjög bollangur hrútur með frábær lærahold. Fótleggur 121 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið liðað en fremur gróft. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Fáli 20-906 var valinn til notkunar á stöðvunum sumarið 2023 sem spennandi alhliða kynbótahrútur. Hann virðist vera mjög athygliverður lambafaðir. Meðalfallþungi 93 sláturlamba undan Fála sl. Þrjú haust er 19,5 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og fyrir fitu 7,6. Gerðarflokkun afkvæmanna hefur verið mjög stöðug öll þrjú árin. Þrjár tvævetur undan Fála báru nú í vor og áttu 1,67 lömb og níu veturgamlar dætur hans áttu 1,89 lömb en veturgömlu ærnar í Hægindi áttu að meðaltali 1,67 lömb.

Móðir Fála, Glögg 14-448, var farsæl og endingargóð ær. Hún var tvílembd gemlingur og æ síðan. Hún var felld átta vetra gömul og fékk 5,4 afurðastig fyrir átta afurðaár, gekk með eitt lamb gemlingur en skilaði annars öllum sínum lömbum til nytja. Tólf lömbum var slátrað undan henni og var meðalfallþungi þeirra 20,7 kg.

Litaerföir: Fáli er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈RQ/ARQ).


Mál og stigun: 2020-56-111-34/2,8/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=89,0 stig



NÝR

21-912
FLÓNI

frá Brjánslæk, Barðaströnd.



21-912

Lýsing: Hreinhvítur kollóttur. Bolurinn ákaflega sívalur og bringan breið. Feikilega vel gerð og hnellin kind. Fótleggur 120 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með mikið og fremur gróft tog en þunnt þel. Ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Flóni 21-912 var valinn til notkunar á stöðvunum sumarið 2023. Við val Flóna var bæði horft til þess að hann er spennandi alhliða kynbótargripur og að hann er tiltölulega farskyldur sæðingastöðvahrútinum og kemur því inn með ferskan blæ. Flóni kom ljómandi vel út úr afkvæmarannsókn heima á Brjánslæk haustið 2022. Þar átti hann best gerða sláturlambahópinn sem fékk 11,2 fyrir gerð og 6,9 fyrir fitu. Meðalfallþungi lambanna var 18,8 kg. Meðalfallþungi sláturlamba í rannsókninni var 18,3 kg, gerðareinkunn var 10,7 og fyrir fitu 6,8. Sjú veturgamlar dætur Flóna áttu 1,43 lömb í vor og meðaltal búsin var 1,30 lömb.

Móðir Flóna, Ómen 17-666, var einlembd veturgömul og einu sinni eftir það en annars tvílembd. Hún hefur 7,7 afurðastig fyrir fimm afurðaár.

Litaerföir: Flóni er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-57-111-33/4,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-9,0-8,0-9,0=89,0 stig





Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

NÝR

23-917

KRISTALL

N138

R171

frá Árbæ, Reykhólasveit.


GIMSTEINN 21-899

frá Þernunesi

MÍA 19-353

KUBBUR 20-004 ~ KATRÍN 20-071
frá Melum IORRI 18-029 ~ SLAUFÁ 17-289
frá Reykhólum

23-917

Lýsing: Hreinhvítur kollóttur, ákafllega bringubreiður og útlögumikill. Breiðvaxinn, holdgróinn og mjög þróttlegur hrútur.**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Ullarlag dálítið misjafnt um búkinn. Togið langt framan til en mun styttra aftan til. Þelið þykkt og ullarmagn í meðallagi.**Reynsla:** Kristall 23-917 er sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum. Móðir Kristals, Mía 19-353, var einlembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd en Kristall er fæddur einlembingur þó að hann gengi undir móður sinni sem tvílembingur. Mía er með 6,5 afurðastig fyrir þrjú ár.**Litaerfðir:** Kristall á engin afkvæmi. Hann er arfblendinn hvítur og gæti mögulega gefið alla liti. Mía 19-353, móðir hans, er móbotnótt en erfir jafnframt tvílit. Faðir hennar Orri 18-029 var möflekóttur.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Verndandi arfgerð, arfblendin á móti lítið næmri (ARR//AN₁₃₈RQ).**Mál og stigun:** 2023-61-1 | 12-36/4,7/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,5-9,0-8,0-9,0=89,0 stig.

NÝR

23-921

MÓÐI

R171

frá Þernunesi, Reyðarfirði.

SVENNI 22-203

22-301

KÖGGUR 20-102 ~ MÓÐA 16-658

KÖGGUR 20-102 ~ MÓEIDUR 14-456


FFF og MFF: Viddi 16-820; FMFF: Sproti 12-936



23-921

Lýsing: Gráhöttóttur, leistöttur með stjörnu og lauf. Hnýflóttur. Breiðvaxinn með þrýðileg lærahold. Snyrtilegur hrútur sem samsvarar sér vel.**Ullarlýsing:** Gráhöttóttur með hreina litaskiptingu og fundust hvorki dökkir blettir né hár í ullinni fyrir aftan herðar. Grádropóttur á leggjum. Ullin togmikil og togjð langt en þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.**Reynsla:** Móði 23-921 er arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa þá samsætu frá honum. Móði hefur fengið ARR-genasamsætuna frá ömmu sinni Móðu 16-658 sem er dóttir Júlíusar 15-003. Júlíus hefur væntanlega borið ARR. Hann er móðurfaðir Gullmola 22-902. Móði er ekki náskyldur ARR-hrútonum sem komu á stöðvarnar síðasta haust og ætti því að henta vel fyrir þá sem hyggjast freista þess að búa til arfhreina ARR-hrúta með því að sæða ásetningsgimbrar sem bera ARR.

Móði er undan veturgamalli á og hennar eina afkvæmi. Svenni 22-203, faðir hans, átti 35 sláturlömb nú í haust og var fallþungi þeirra 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,6.


Litaerfðir: Móði á engin afkvæmi. Foreldrar hans eru hvítir. Móðir hans er undan möflekóttir á og arfblendnum hvítum hrút. Faðir hans, Svenni 22-203, er arfblendinn hvítur og undan honum hafa komið grá, svört og grámórauð lömb og tvílit lömb með þessa dökku liti. Móði gæti hugsanlega gefið alla liti en væntanleg afkvæmi hans leiða það í ljós. Rétt er að benda ræktendum feldfjár sérstaklega á þennan hrút til að koma ARR-arfgerðinni inn hjá feldfénu án þess að hvítu liturinn komi við sögu á þeirri vegferð.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).**Mál og stigun:** 2023-42-106-32/1,9/5,0-7,5-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=86,0 stig

NÝR

23-924 ATLAS

R171

frá Hofi, Vatnsdal.



MFF: Grábotni 06-833; MFMF: Púki 06-807; MMFF: Styggur 99-877



23-924

Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur. Ákaflega þroskamikill og bollangur hrútur sem jafnframt er prýðilega holdfylltur hvar sem á honum er tekið. Glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með langt og liðað tog. Ullarprúður hrútur og ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Atlas 23-924 er sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR-samsætuna frá honum.

Móðir Atlasar, Aþena 14-440, var tvílembd gemlingur og fimm sinnum eftir það. Hún hefur einu sinni verið þrílembd en síðustu tvö ár hefur hún verið einlembd. Atlas er fæddur og genginn einlembingur enda með afbrigðum þroskamikill. Aþena hefur 9,9 afurðastig fyrir 8 ár.

Lítaerfðir: Atlas á engin afkvæmi. Móðir hans, Aþena 14-440, hefur aðeins átt hvít lömb á langri ævi. Gullmoli faðir hans er arfblendinn hvítur og gefur svart og tvílit en ekki mórault. Það kemur í ljós næsta vor hvort Atlas reynist arfhreinn eða arfblendinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ)

Mál og stigun: 2023-66-1 | 10-38/3,5/4,5-7,5-9,5-9,5-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=89,5 stig.



NÝR

23-928 STARRI

R171

frá Steinnesi, Þingi.



FMFF: Sproti 12-936; MMFF: Steri 07-855; MMMF: Tjaldur 11-922



23-928

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiðvaxinn og bollangur hrútur með ákaflega breiðar malir og öflug lærahold.

Ullarlýsing: Hvítur með svarta dropa á eyrum. Gul eða dökk hár fundust ekki í reyfi. Togið mikið, fremur slétt og í grófara lagi. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Starri 23-928 er arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR-geinasamsætuna frá honum. Barri 22-131, faðir Starra, er kaupahrútur frá Þernunesi, sonur Gimsteins 21-899. Barri átti sextán sláturlömb í Steinnesi nú í haust og var meðalfallþungi þeirra 20,5 kg, gerðareinkunn var 11,4 og einkunn fyrir fitu 7,9.

Móðir Starra, 18-060, var tvílembd gemlingur og hefur verið tvílembd öll ár eftir það. Hún er með 5,9 afurðastig eftir fjögur ár.

Lítaerfðir: Starri á engin afkvæmi. Í Steinnesi virðist litur lamba aðeins skráður í Fjárvis ef þau eru ekki hvít. Foreldrar hans eiga engin lituð lömb svo líklega reynist hann arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-52-1 | 10-31/5,0/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=87,5 stig.



FELDFJÁR HRÚTUR

20-907
LOKI

frá Þykkvabæjarklaustri, Álftaveri.



STÚFUR 18-315

15-753

SKUGGI 16-341 ~ 16-918

14-317 ~ BLÖNDAL 14-641

frá Melhól

frá Melhól

FFF, FMFF og MFF: Lobbi 09-939; FMMF: Gráfeldur 08-894

NÝR



20-907

Lýsing: Dökkgrár kollóttur með friðan haus. Að sköpulagi minnir hann á fyrri feldhrúta sem staðið hafa á stöðvunum.

Ullarlýsing: Dökkgrár, litur nokkuð jafn. Ullin þellítill en togíð þétt, fint og mjúkt. Togháragerð býsna jöfn um búkin.

Reynsla: Loki 20-907 var valinn sem nýr feldhrútur fyrir stöðvarnar haustið 2023. Hann vakti athygli fyrir ágæt feldgæði afkvæma sinni haustið 2022. Nú í haust voru um fjörutíu lömb undan Loka dæmd fyrir feldgæði, en samtals fengu áttatíu lömb á búinu slíkan dóm. Í fyrsta sinn eru nú birtar í hrútaskránni niðurstöður slíkra felddóma á afkvæmum stöðvahrúts á heimabúi hans. Þessi lömb voru öll felddæmd sama daginn af sömu dómurum. Í felddómum er gefin einkunn fyrir sjö þætti og eru einkunnir frá 1 til 5 fyrir hvern þátt og 5 þá hámarkseinkunn hverju sinni. Þessar sjö einkunnir eru síðan lagðar saman og fengin heildarstig.

Sextán af 34 lömbum sem fengu 21 í heildareinkunn eða meira, voru undan Loka. Í hópnun undan honum voru nokkrir mjög góðir einstaklingar líkt og haustið 2022. Rétt er að taka fram að nánast öll lömb á Þykkvabæjarklaustri sem höfðu einhverja tengingu við feldfé voru felddæmd þannig að mikill breytileiki var í lambahópnum hvað feldgæði varðaði.

Átta tvævetlur undan Loka á Þykkvabæjarklaustri, áttu 1,63 lömb síðastliðið vor en meðaltal þessa aldurshóps á búinu var 1,71 lamb. Móðir Loka, 15-753, var höfð geld gemlingur en var síðan alltaf tvílembd. Hún var felld haustið 2022 og var með 3,0 afurðastig fyrir sex ár.

Best er að nota gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og er kostur að ull þeirra sé þellítill og togíð langt og fingert.

Litaerfðir:

Loki er arfblendinn grár í A-sæti en erfir hvorki mórâuðan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

	Fjöldi	Pungi	Hreinleiki litar	Lokkun dreifing	Lokkur	Gljái	Hára-gæði	Toghára-gæði	Þéttleiki	Heild
Loki 20-907	41	37,98	3,55	2,22	1,88	2,83	2,90	2,88	3,63	19,90
Önnur lömb	39	37,69	3,62	2,49	2,00	2,82	2,79	2,97	3,69	20,38

FORYSTUHRÚTUR

FORYSTU HRÚTUR

20-895
FRAKKI

frá Holti, Þistilfirði.



LARSEN 19-362

APENA 12-057

frá Hallgilsstöðum I

BISKUP 16-325 ~ MALENE 17-002

PÁLL ÓSKAR 11-311 ~ BADDÝ 09-099

frá Laxárdal

Ytra-Álandi

MFF: Póstur 07-828, FFFF og FMFF: Flórgoði 11-886, MMFF: Geri 03-986



20-895

Umsögn fyrri eigenda, Hildar Stefánsdóttur, Holti: Frakki 20-895 er móarnhöfðóttur, sokkóttur og hyrndur forystuhrútur. Hann er afar rólegur í umgengni, gæfur og mjög spekingslegur á svip. Hann lítur alltaf upp þegar kallað er á hann og því auðvelt að stýra honum í rekstri eða húsi.

Hann er frekar vænn af forystuhrút að vera með fallega yfirlínu og beina fætur. Ullin er þétt og þelmikil, svolítið grásprengr og afar eftirsótt af þrónakonum. Hornin eru passlega gleið og hann gætir þess ávallt að reka þau ekki í mann svo ekkert mál er að gripa í hann og teyma með sér, já eða fá gott knús. Mikil hefur verið um gesti og börn í kringum hann og leyfir hann öllum að klappa sér og sleikir þá sem honum líkar best við.

Móðir Frakka Apena frá Holti er orðin 11 vetra gömul en skilaði einni ásetningsgimbur nú í haust. Apena hefur góða forystuhæfileika og er mjög gæf eins og Frakki sonur hennar.

Frakki 20-895 er að hefja sinn annar vetur á stöðvunum. Áttatíu ær voru sæddar með sæði úr honum síðastliðinn vetur sem telst ágætis notkun hjá hrút af forystukyni.

Litaerfðir:

Undan Frakka geta komið allir litir leyfi móðurætt það.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

FORYSTU
HRÚTUR

21-916

STEINRÍKUR

frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.

ÖRN 19-150

ARNHÖFÐA 15-571

FJALLAR 18-750

~ HALLHÖFÐA 17-700

RÓMEÓ 14-192 ~ GRÁ BLESÁ 06-601
frá Fjarðarvegi 13

MMFF: Leifur 02-900; MMMF: Blesi 98-884

NÝR



21-916

Lýsing: Steinríkur 21-916 er með svolitla hnýfla, arnhöfðóttur, með hvíta leista á afturfótum, en að öðru leyti svartur. Svarti liturinn er aðeins grásprengrur. Steinríkur er þunnvaxinn en tignarlegur hrútur, athugull og reisir höfuðið hátt þegar það á við en samt rólegur í umgengni á húsi. Heima á Bjarnastöðum var hann orðinn taumvanur í múl. Mikill snillingur og kjarkmikill við að leiða hópinn t.d. við erfiðar aðstæður.

Mjög lítið er orðið til af kollóttu forystufé í dag en hér áður var meira um það s.s. í Öxarfirði, á Langanesströnd, í Vopnafirði og víðar. Halldór á Bjarnastöðum hefur lagt sig eftir því að halda við kollóttu eða hnýflóttu forystufé sem var til á Bjarnastöðum þegar hann fór að búa þar. Með það að markmiði hefur hann fengið til sín kollótt forystufé ættað frá Miðfjarðarnesi á Langanesströnd og Strandhöfn í Vopnafirði.

Til þess að stuðla að viðhaldi þessa hornalaus ánga af íslenska forystufénu var ákveðið að falast eftir að fá Steinrík til stöðvanna. Hann hefur einnig þann kost að vera fjarskyldur mörgum þeirra forystuhrúta sem verið hafa á stöðvunum síðustu ár.

Litaerföir:

Undan Steinríki geta komið allir litir leyfi móðurætt það.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).



FORÐASTAUTAR
FYRIR SAUÐFÉ



- Leysast hægt upp í vömbinni
- Virka í u.þ.b 4 mánuði
- Fæst einnig með kopar
- 50 stk í stauk

Ertu klár fyrir fengitímann?

FJÁRKRÍTAR
FJÁRSPREY
SKÍRLÍFSBELTI
VÉLKLIPPUR
FORÐASTAUTAR O.FL.



www.kb.is



BÚREKSTRARDEILD

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
S: 430-5500

BORGARNESI



Grímur 14-955



Kjarkur 08-840



Tinni 15-968

FRAMLAG FÉLAGSBÚSINS YTRI-SKÓGUM TIL FJÁRRÆKTAR Í LANDINU

Félagsbúið Ytri-Skóga hafa þau Ingimundur Vilhjálmsson og Margrét H. Jónsdóttir annars vegar og hins vegar Sigurður Sigurjónsson og Kristín E. Þorsteinsdóttir átt og starfrækt frá 1968. Á búinu hefur verið rekið afurðamikið kúa- og sauðfjárbú enda bændurnir með glöggum auga fyrir búfjárrækt.

Árangurinn hefur bæði verið eftirtektar- og lofsverður. Þeir Sigurður og Ingimundur höfðu með sér ákveðna verkaskiptingu sem fól í sér að Mundi sá meira um kýrnar en Siggí um féð.

Skipulagðar afkvæmarannsóknir á hrútum sem voru á sauðfjársæðingastöðvunum hófust 1988 á nokkrum fjárbúum á Suðurlandi og voru Ytri-Skógar þar á meðal. Um aldamótin urðu afkvæmarannsóknir lambhrúta fastur liður í kynbótaskipulagi búsins. Sæðingastöðvarnar hafa síðan þá notið þess árlega að geta fengið í sína þjónustu topphrútana úr þessum prófunum. Hafa þessar afkvæmarannsóknir skilað hinu sameiginlega ræktunarstarfi 24 hrútum og í heild hefur Skógabúið lagt sæðingastöðvunum til 28 kynbótahrúta frá því starfsemi þeirra hófst. Margir af þessum hrútum hafa verið afburða kynbótagripi og skilið eftir sig spor í ræktunarsögunni. Þrjú hrútar hafa hlotið viðurkenningu sem bestu lambafeður stöðvanna, þeir Fannar 07-808, Gosi 09-850 og Saumur 12-915. Þá hlaut Kjarkur 08-840 viðurkenningu á sínum tíma sem besti kynbótahrútur stöðvanna.

Sigurður Sigurjónsson, Skógum lést nú á liðnu hausti. Vilja sæðingastöðvarnar og RML heiðra minningu hans með því að koma á framfæri þakklæti fyrir framlag Skógabúsins til sauðfjárræktarinnar í landinu.

Eftirtaldir hrútar frá Skógabúinu hafa verið á sauðfjársæðingastöðvunum frá 1968:

22-914	Úlli	21-987	Sævar	21-986	Þór	20-877	Grettir
20-879	Steðji	19-849	Kostur	15-968	Tinni	15-967	Bjartur
14-956	Svimi	14-955	Grímur	13-928	Lækur	12-915	Saumur
11-896	Prúður	09-850	Gosi	09-851	Kostur	08-840	Kjarkur
07-808	Fannar	06-997	Prins	06-998	Dropi	05-967	Blettur
05-986	Ljúfur	02-903	Kunningi	01-892	Vísir	98-849	Spónn
93-983	Djækni	93-963	Galsi	84-887	Ylur	69-860	Blómi

Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé

Leiðbeiningar á grunnatriðum við innleiðingu verndandi arfgerða



Þar sem hin verndandi genasamsæta ARR hefur fundist í íslensku sauðfé og rannsóknir hafa sýnt fram á að kindin okkar býr yfir fleiri mögulega verndandi breytileikum hafa bændur fengið ný vopn í hendur til að verja sauðfjárstofninn fyrir riðuveiki. Mikilvægt að allir bændur gripi nú til vopna!

Ræktun gegn riðu - markmið

Mörkuð hefur verið sú stefna af Fagráði í sauðfjarrækt að gera íslenska sauðfjárstofninn þolin gegn riðuveiki. Framkvæmdin byggir á því að valið verður markvisst fyrir verndandi arfgerðum. Ræktunaráætlun um innleiðingu verndandi arfgerða mun verða hluti af sameiginlegri landsáætlun stjórnvalda og bænda um útrýmingu á riðuveiki.

Mikilvægt er að allir sauðfjárnændur landsins séu þátttakendur í verkefninu frá upphafi og leggi áherslu á að *taka inn verndandi arfgerðir, lækka hlutfall villigerðarinnar (hlutlausu arfgerðarinnar) sem hraðast og útrýma áhættuarfgerðinni*. Á áhættusvæðum eru menn hvattir til að fara hratt í að rækta arfhreina gripi fyrir verndandi arfgerðum þó það kosti hraða aukningu á skyldleikarækt tímabundið og hugsanlega einhverja eftirgjöf í helstu ræktunareiginleikum. Á öðrum svæðum eru bændur hvattir til að stíga varlega til jarðar m.t.t. skyldleikaræktar þannig að virkri stofnstærð sauðfjárstofnsins í heild verði ekki ógnað.

Riðuveiki

Riða er banvænn og ólæknandi taugahrönnunarsjúkdómur í sauðfé sem hefur greinst reglulega á Íslandi. Veikin er smitandi prionsjúkdómur og orsakast af afbrigðilegu formi prion-próteinsins (PrP). Arfgerðir PrP-próteinsins hafa áhrif á næmi kinda gagnvart riðu sem er forsenda þess að hægt er að beita markvissu ræktunarstarfi í baráttunni við sjúkdóminn.


Markmið fyrir áhættusvæði m.t.t. riðuveiki:

Að innleiðingin gangi sem hraðast. Að árið 2028 beri a.m.k. 75% sauðfjár verndandi arfgerðir og að árið 2032 séu nær allir gripir arfberar verndandi arfgerða.

Markmið fyrir sauðfjárstofninn í heild:

Að innleiðingu verndandi arfgerða ljúki á 20 ára tímabili eða árið 2042. Þá beri allur stofninn arfgerðir sem hafa mótstöðu gegn riðu og þar af sé a.m.k. 75% stofnsins sem beri verndandi genasamsætur.

Sætin sex sem tengjast þoli gegn riðu í íslensku sauðfé



Príon genið


Í íslensku sauðfé finnast breytileikar í 6 sætum á PrP-geninu sem hafa áhrif á næmi kinda fyrir riðu. PrP-genasamsætan eða arfgerðin er táknuð með bókstöfum sem vísa í upphafsstafi þeirra aminosýra sem koma fyrir í ákveðnum sætum prion-próteinsins.

Hér á landi hefur verið notast við þriggja-sæta skammstöfun en ef finnst breytileiki í sætum 137, 138 eða 151 er fjórða sætinu bætt við.

Hefðbundin framsetning á PrP-arfgerð er að gefa upp aminosýrur í sætum 136, 154 og 171 en stökkbreytingar eða breytileikar í þeim sætum eru nýttir í ræktunarstarfi víða um heim og m.a. hjá löndum Evrópusambandsins. Villigerð PrP-gensins er því táknuð ARQ.

Næmi PrP-arfgerða fyrir riðusmiti – flöggin

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum (nóvember 2023), um næmi arfgerða í íslensku sauðfé hafa verið settar fram skilgreiningar á næmi genasamsætanna. Skilgreiningarnar byggja á eldri rannsóknum, nýjum rannsóknum á gömlum riðuhjörðum og PMCA næmiþrófunum.

Flögg í Fjávís	Heiti gena-samsætu	Næmi	Tíðni samsætu í fjárstofninum framleiðsluárið 2023	Hefur samætan fundist í riðujákvæðum kindum?	Niðurstöður PMCA næmi-rannsókna*	Nánar
 R171	ARR	Verndandi	0,09% tíðni. Ein upphafshjörð.	Já - Líklega 3 kindur í heiminum riðujákvæðar með ARR/ARR. Mjög sjaldgæft í arfblendnum kindum	Mikil mótstaða	Öruggasti kosturinn vegna áratuga reynslu af notkun ARR í Evrópu. Eitlakerfið smitast nær aldrei og ljóst að þessir gripir eru afar ólíklegir til að vera "heilbrigðir" smitberar.
 T137	AT ₁₃₇ RQ	Mögulega verndandi	0,15% tíðni. Nokkrar upphafshjarðir.	Líklega ekki. Hefur talsvert verið rannsakað á Ítalíu. Ekki fundist í íslenski riðukind.	Mikil mótstaða	Reynist verndandi í fé á Ítalíu. Hefur heldur ekki fundist þar í eitlum kinda. Takmörkuð gögn um reynslu T137 hér á landi. Aðeins fáeinir T137 gripir hafa fundist í riðuhjörðum en allir verið neikvæðir.
 C151	AC ₁₅₁ RQ		0,5% tíðni	Já – 1 kind með C151/VRQ arfgerðina (Ísland)	Mikil mótstaða	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er marktækur munur á mótstöðu gripa með C151/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripi.
 H154	AHQ		8% tíðni	Já – 2 kindur, báðar með AHQ/ARQ arfgerðina (Ísland)	Mikil mótstaða	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er hámarktækur munur á mótstöðu gripa með AHQ/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripi.
 N138	AN ₁₃₈ RQ	Lítið næm Veitir mótstöðu	5% tíðni.	Já - 12 kindur með N138/ARQ og 6 kindum með N138/VRQ (Ísland)	Minni mótstaða en R171, T137, C151 og H154	Riðusmit hefur fundist í eitlum hjá kindum sem bera N138. Rannsóknir á gömlum riðuhjörðum sýna þó að marktækt minni líkur eru á að kindur með N138/ARQ smitist en kindur með ARQ/ARQ
 ARQ	ARQ	Villigerð Næm	Algengasta genasamsætan. 83% tíðni.	Já – ARQ/ARQ er algengasta genasamsætan í riðujákvæðum kindum á Íslandi	Mjög lítil mótstaða	Rannsóknir sýna að gripir með ARQ/ARQ (áður kölluð hlutlaus arfgerð) séu næmir fyrir riðusmiti. Stefnt er að útrýmingu.
 V136	VRQ	Áhætta Mjög næm	3% tíðni.	Já – Hlutfallslega mjög algeng í riðujákvæðum kindum á Íslandi	Mjög lítil mótstaða	Arfgerðir sem innihalda VRQ eru kallaðar áhættuarfgerðir. Flestar rannsóknir benda til þess að VRQ samsætan sé mjög næm fyrir riðusmiti. Stefnt að útrýmingu.

*Niðurstöður PMCA næmi rannsókna á íslenskum heilavefjum gagnvart íslensku riðusmiti

Næmi gripisins byggir á samsetningu samsætanna = arfgerðinni. Ef horft er á þetta út frá litum flagganna þá skiptir máli hver samsetningin er, þar sem allir gripir bera tvö flögg. Þannig að flöggin sýna hver arfgerð gripisins er. Í dag eru flestir gripir með tvö gul flögg (villigerðina). Markmiðið þarf að vera að fækka gripum sem bera eingöngu gul flögg en til lengri tíma litið er stefnt að útrýmingu gulu flagganna. Rauðu flöggnum þarf að útrýma sem fyrst. Stefnt er að því að a.m.k. 75% stofnsins beri græn flögg (a.m.k. eitt) og restin af stofninum beri græn eða blá flögg. Á áhættusvæðum fyrir riðu ætti að leggja höfuð áherslu á hraða innleiðingu dökkgræna flaggsins (ARR).

Arfgerðargreiningar

Arfgerðargreiningar þjóna lykilhlutverki við innleiðingu verndandi arfgerða. En hvaða gripi skal arfgerðargreina?

Hrútar - Grundvallaratrið er að allir hrútar sem eru notaðir til kynbóta séu valdir með hliðsjón af arfgerðargreiningum. Á fyrstu árum innleiðingarinnar verða flestir hrútar með verndandi arfgerðir í notkun arfblendnir og því mikilvægt að fylgja eftir notkun á þeim með arfgerðargreiningu, sérstaklega hrútlamba sem koma til greina til ásetnings. Þannig tryggjum við að réttu gripirnir séu settir á.


Gimbrar – Á þeim búum þar sem áhersla er á að auka hlutdeild verndandi arfgerða í hjörðinni sem hraðast er æskilegt að greina einnig gimbrar við ásetningsval fyrstu árin.


Mikilvægt er að vanda til verka við sýnatöku

Það er grundvallaratriði að sýnanúmer séu skráð á rétta gripi í Fjávís. Skila þarf sýnalista með sýnum til RML þar sem hann er varðveittur en mælt með því að bændur eigi afrit af honum sjálfir ef einhver mistök eða ruglingur á sér stað.

Genasamsætur og erfðir

Hver einstaklingur hefur tvær genasamsætur. Önnur kemur frá föður og hin frá móður. Á hvorri genasamsætu er hægt að búast við einum breytileika sem hefur áhrif á riðumótstöðu. Hver einstaklingur, sem er með þekktu PrP-arfgerð í Fjárvis.is, verður merktur með tveim flöggu - einu flaggi fyrir hvora genasamsætu.

Gripur greindur með ARR/ARQ fær flöggin  og (hann er *arfblendinn*). **Helmingur afkvæma** gripisins munu því erfa ARR og hinn helmingurinn ARQ.

Gripur greindur með ARR/ARR fær flöggin  og (þessi gripur er *arfhreinn* fyrir ARR genasamsætunni). Öll **afkvæmi** þessa gripis munu erfa ARR og verða a.m.k. arfblendin fyrir ARR.

Breytileikarnir **hoppa ekki** yfir kynslóðir. Því skiptir ekki máli hvaða arfgerðir afinn og amman báru ef ljóst er hvaða arfgerðir foreldrarnir bera með arfgerðargreiningu.

Þar sem ekki er vitað hvort **afkvæmi arfblendinna** foreldra hafa erfð réttu genasamsætunnar, **þarf að arfgerðargreina** þau til að fá úr því skorið hvaða arfgerð þau bera.

Nokkur atriði varðandi ræktun gegn riðu

Arfhreinir hrútar

Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að tryggja að eingöngu séu settir á gripir sem bera lítið næmar eða verndandi arfgerðir er að nota hrúta sem eru **arfhreinir** fyrir **verndandi** eða **lítið næmum** arfgerðum → Nota hrúta sem hafa bara græn eða blá flögg. Þá munu öll þeirra afkvæmi bera a.m.k. eina verndandi eða lítið næma genasamsætu.


Hrútanotkun og skyldleikarækt:

Til að sporna gegn skyldleikaræktaraukningu í stofninum er mikilvægt að skipta ört út hrútum. **Sérstaklega á þetta við um innleiðingu ARR í sauðfjárstofninn þar sem upphafsgripirnir sem ræktað er út frá eru mjög fáir.** Því er almennt mælt með að á **fyrstu árum** innleiðingarinnar sé hrútum skipt út árlega og lögð áhersla á notkun efnilegra lambhrúta.

Hvað á að gera við lömbin sem erfðu ekki ARR?

Í ljósi þess að í upphafi innleiðingar á ARR verður mikið framboð af hrútum sem eru **arfblendnir** fyrir ARR mun því helmingur afkvæma þeirra **ekki bera ARR**. Mælt er eindregið með að sá hluti hrúta sem ekki ber ARR sé **ekki nýttur til kynbóta**. Þetta er til að sporna gegn því að hlutdeild upphafshrútanna frá Þernunesi í stofninum verði meiri en þörf er á.

Varðandi gimbrar af þessu kyni sem ekki bera ARR er mælt með að þær séu eingöngu settar á í undantekningatilfellum þegar um úrvals gripir er að ræða.



Hver gripur / hvert afkvæmi getur aðeins borið tvo breytileika (tvö flögg). Undan tveim arfblendnum foreldrum er því von á fjórum mismunandi arfgerðum sem lömbin gætu borið.

Flutningar gripa

Allur flutningur sauðfjár yfir varnarlinur eða milli bæja innan sýktra svæða er leyfisskyldur. Matvælastofnun fer með leyfisveitingar (www.mast.is -> þjónustugátt). Í ákveðnum tilfellum er arfgerðargreining forsenda þess að hægt sé að veit leyfi til flutnings. Eindregið er mælt með því að eingöngu sé verslað með lömb sem hafa arfgerðargreiningu til að hægt sé að koma í veg fyrir dreifingu á óæskilegum arfgerðum. Í nügildandi reglugerðum er í eftirfarandi tilfellum tekið tillit arfgerða:

- Lömb með áhættuarfgerð (arfgerðin inniheldur VRQ) er bannað að flytja inn á bú þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu.
- MAST getur veitt leyfi til að flytja lömb með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir **milli hjarða innan sýktra svæða**.
- MAST getur veitt leyfi til að flytja lömb með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir **milli sóttvarnasvæða og innan þeirra**.
- Skilyrði fyrir flutningi lamba með verndandi arfgerðir milli sóttvarnasvæða er að sóttvarnasvæðið sem selt er frá sé minna sýkt af riðu en svæðið sem selt er til eða svæðin hafi jafna sjúkdómstöðu.
- Bú í varnarhólfum þar sem ekki er **bólusett við garnaveiki** munu ekki fá leyfi til þess að kaupa frá búum í varnarhólfum þar sem bólusett er við garnaveiki.
- Ef riðuveiki greinist á búi, getur yfirdýralæknir lagt til **að aðeins hluti hjarðar sé skorin**. Þarf þá að liggja fyrir hvaða arfgerðir gripirnir bera.

Nánar í reglugerðum: 217/2012; 1080/2020; 640/2023; 826/2023; 1152/2023).

Algengar spurningar

Hvernig get ég arfgerðargreint gripi í minni hjörð?

Tekið er vefjasýni úr eyra (myndband:

www.tinyurl.com/synataka). Hægt er að panta hylki til sýnatöku á heimasíðu RML. Þegar bóndinn hefur tekið sýnin, skráir hann þau á rétta gripi í Fjávís („Skráning“ og „forskráning sýnanúmer“) og sendir svo sýnin á starfsstöð RML á Hvanneyri (Hvanneyrargata 3, Hvanneyri, 311 Borgarnesi) ásamt lista yfir gripi og sýnanúmer.

Hvað tekur langan tíma að fá niðurstöður úr arfgerðargreiningu?

Algengur tími eru 2 til 3 vikur.

Hvar sjást niðurstöður arfgerðargreininganna?

Hægt er að sjá arfgreiningarflögg gripanna í „Gripalisti“ í Fjávís ásamt því að full greining birtist í yfirliti hvers og eins grips. Þá er hægt að fara í „yfirlit“ og velja „sýnaleit bænda“.

Af hverju skila niðurstöður arfgerðargreininganna sér ekki í Fjávís?

Líklegar skýringar: Sýnanúmer vitlaust skráð, greiningaraðili vitlaust skráður eða sýnið ógreinanlegt. Fyrirspurnir er hægt að senda á gudrunhildur@rml.is.

Á hvaða tímapunkti ætti að taka sýni úr lömbum og senda til arfgerðargreininga?

Gott er að taka sýni úr lömbum á sauðburði sem líkleg eru til ásetnings. Einnig er hægt að taka sýni úr lömbum á haustin og senda til greiningar en þá þarf að gera ráð fyrir 2-3 vikna bið eftir niðurstöðum.

Er gagnlegt að arfgerðargreina fullorðnar ær?

Já. Fyrir þá sem vilja byggja hratt upp þolinn stofn er hjálp í því að kortleggja ærstofninn. Góð byrjun getur verið að taka fyrir ákveðinn árgang til að fá þversnið af hjörðinni.


Þarf að arfgerðargreina gripi undan foreldrum sem eru arfhreinir fyrir verndandi arfgerðum?

Ef báðir foreldrar eru arfhreinir fyrir ákveðinni genasamsætu er með öllu óþarft að greina afkvæmin en Fjávís getur þá kveðið upp greininguna.

Ef annað foreldreid er arfhreint, t.d. faðirinn bæri ARR/ARR, er hægt að treysta því að öll afkvæmin fái ARR frá honum og séu því a.m.k. arfblendin. Það ætti því ekki að þurfa að greina nema mjög takmarkaðan hóp lamba þegar notaðir eru arfhreinir hrútar og þá aðeins til að komast að því hverju móðirin hefur skilað.

Þarf að arfgerðargreina gripi sem fá „Fjávís greiningu“?

Nei. Athuga ber þó að sumir gripir hafa ekki haft greiningu fyrir öll sex sætin og því getur Fjávís greining á afkvæmum þeirra verið takmörkuð við ákveðin sæti. Verið er að vinna í uppfærslu á Fjávís (nóvember 2023) sem mun gera þessar greiningar skilvirkari.



Öll afkvæmi arfhreinna foreldra erfa genasamsætuna. Til að rækta hrúta sem gefa eingöngu verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir þarf að para saman foreldra sem búa yfir a.m.k. einni verndandi eða mögulega verndandi genasamsætu (að báðir foreldrar hafi a.m.k. eitt grænt flagg).

Þegar sýni eru arfgerðargreind, er þá einnig hægt að skoða hvort kindin sé riðuveik?

Nei.

Getur riða borist með sæði?

Talið er að riða geti ekki smitast með sæði.

Þarf að lóga gripum með áhættuarfgerðina ^{VRQ}?

Lömb sem bera VRQ genasamsætuna ætti ekki að setja á. Ef í ljós kemur að fullorðnar ær beri VRQ skiptir máli hver hin genasamsætan er sem gripurinn ber (ARQ eða VRQ eru óæskilegar), hversu margir næmir gripir eru í hjörðinni og hvar hjörðin er staðsett m.t.t. riðuáhættu – í sumum tilfellum væri æskilegt að taka slíka gripi úr framleiðslu.

Hvort ætti ég að sæða með ARR-hrútum eða hrútum með aðrar verndandi arfgerðir?

Á mestu áhættusvæðum m.t.t. riðu ætti að leggja aðaláherslu á ARR og fylla upp í með öðrum mögulega verndandi arfgerðum.

Mitt bú er ekki á riðusvæði. Þarf ég að innleiða verndandi arfgerðir?

Já, það er lykilinn að árangri – engin svæði eru óhult. Sérstaklega er mikilvægt að bú sem selja kynbótafé komi inn að krafti strax. En á þínu svæði er óhætt að fara hægar í að leggja eingöngu áherslu á ARR, heldur nýta einnig gripi með mögulega verndandi arfgerðir til að forðast of mikla skyldleikarækt.

Ef riða greinist í minni hjörð þarf þá að skera alla hjörðina?

Á þessum tímapunkti (5. nóvember 2023) liggur ekki fyrir hvaða gripi þarf að fella. Aðeins liggur fyrir að heimilt er að undanskilja hluta hjarðarinnar frá niðurskurði m.t.t. PrP-arfgerða.



Þinn árangur Arion



Er fyrirtækið
þitt tryggt?


Fyrirtækjatryggingar á vordur.is

Kollóttir

17-852	Bíkar	75	49,1	32,0	3,6	4,1	111,7	8,0	8,6	8,7	17,7	8,1	8,0	8,4	84,8	110	121	110	121	107	115	107	111	F
17-853	Pokki	60	50,2	30,2	4,0	4,1	109,2	7,9	8,5	8,6	17,7	8,4	8,0	8,4	84,7	109	103	103	124	106	118	97	108	F
18-854	Svörður	80	50,3	30,6	3,4	4,2	110,0	7,9	8,4	8,6	17,7	8,5	7,9	8,4	84,5	107	114	113	122	113	112	109	112	S
18-855	Tónn	38	48,2	32,8	3,8	4,3	109,4	7,8	8,4	8,6	17,9	8,5	7,9	8,4	84,9	117	122	99	119	108	107	97	109	F
18-863	Jötunn	15	47,5	32,2	3,3	4,2	108,8	7,9	8,6	8,8	17,9	8,5	8,0	8,5	85,6	113	114	99	116	96	95	85	101	F
19-864	Dolli	20	48,5	32,9	3,4	4,2	109,6	8,0	8,6	8,7	18,0	8,2	8,0	8,5	85,3	116	121	99	120	99	103	104	109	F
19-865	Hamur	31	48,8	30,1	3,5	4,1	108,2	8,0	8,7	8,9	17,8	8,3	8,0	8,5	85,5	114	107	106	118	106	107	95	107	F
19-887	Glæsir	130	49,0	32,0	3,3	4,3	108,7	7,9	8,6	8,8	18,1	8,4	8,0	8,5	85,8	119	126	108	125	98	110	105	111	F
19-888	Móri	53	50,8	28,8	3,5	4,1	113,1	7,9	8,5	8,6	17,7	8,3	8,0	8,3	84,6	113	100	103	122	97	109	108	110	B
19-889	Kústur	66	47,4	29,9	4,0	4,1	108,6	7,9	8,5	8,6	17,7	8,4	8,0	8,4	84,8	107	114	94	119	124	110	96	109	B
20-893	Kalli	42	47,7	31,5	4,5	4,0	109,3	8,0	8,7	8,7	17,8	8,3	8,0	8,4	85,1	110	111	101	115	108	111	101	107	S
20-894	Fannar	26	48,1	28,8	3,1	4,1	109,5	7,8	8,5	8,7	17,7	8,5	8,0	8,5	85,0	107	103	108	112	109	101	98	106	F
21-899	Gimsteinn	384	48,7	29,0	4,1	4,1	108,3	7,8	8,5	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	84,4	103	100	92	122	103	106	105	107	F
22-902	Gullmoli	170	49,3	31,6	3,2	4,3	107,6	7,8	8,6	8,8	18,2	8,4	8,0	8,6	85,8	119	116	100	125	107	110	99	111	F
MT. KOLLÓTTIR		1.190	48,9	30,4	3,7	4,2	109,0	7,9	8,5	8,7	17,9	8,3	8,0	8,4	84,9									
MT. ALLIR		4.084	48,1	31,7	3,3	4,3	108,5	7,9	8,5	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	84,8									

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 30. október 2023

Stöð 2023-24: B=Borgarnes, S=Porleifskot, F=Fallinn



18-882 ANGI

frá Borgarfelli, Skaftártungu.



18-882

Lýsing: Hvítur, finhyrndur með gott hornalag og friðan haus. Breiður og þéttvaxinn með afar góð mala- og lærahold. Kattlág-fættur en með góða bollengd. Fótleggur 112 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið stutt og hrokkið ofan til en lengra og grófara í síðum. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Angi 18-882 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur sem skilaði sér í því að stór hópur lamba kom til dóms, um 170 lambhrútar og um 300 gimbrar. Lambhrútarnir voru nokkuð breytilegir en innan um fundust mjög öflugir gripir. Angi gefur góðan þunga og jafnvaxin lömb en lærahold rétt undir meðaltali. Samanborið við aðra sæðingahrúta voru sláturlömbin undan Anga mjög væn, með 19,4 kg meðalfallþunga en hlutfall lamba sem fóru í gerðarflokkana E og U var 63,3%.

Angi er mjög lofandi sem ærfaðir og styrkir stöðu sína eftir því sem reynsla af dætrunum eykst, bæði hvað varðar frjósemi og mjólkurlagni, eins og sést á BLUP-kynbótamatinu hans. Dætur hans voru með 5,16 í afurðastig og 115 í einkunn fyrir frjósemi framleiðsluárið 2022. Vorið 2023 voru allir aldurs hópar dætra hans yfir meðaltali búans, en enn byggja upplýsingarnar eingöngu á dætrum heima á Borgarfelli.

Gemlingar báru að meðaltali 1,57 lömbum, tvævetlur 1,90 og fullorðnar ær 2,18. Meðaltal búans var gemlingar með 1,26 lömb, tvævetlur 1,85 og fullorðnar ær 2,06. Angi er sterkur alhliða kynbótahrútur en fáir hrútar með sambærilega reynslu geta státað af eins glæsilegu kynbótamati.


Litaerfðir: Angi er arfblendinn fyrir botnóttum lit, erfir mórault, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-48-107-37/2,9/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun 2023

Gerð	2023
Fjöldi	151
Þungi	49,0
Fótleggur	108,3
Læri	17,6
Ull	8,1
Ómvöðvi	30,6
Ómfita	3,6
Lögum	4,2



19-884 ASKUR

Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárhr.



19-884

Lýsing: Grár, fallega hyrndur með svipmikinn haus. Útlögur góðar og lærahold afar góð. Gerðarlegur hrútur sem samsvarar sér vel. Rólegur og gæfur í umgengni. Fótleggur 117 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Silfurgrár með jafnan lit um mest allt reyfið. Ullin er togmikil og togið gróft og strítt. Þelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Askur 19-884 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk góða notkun síðasta vetur sem skilaði því að dæmdir voru 130 lambhrútar og 200 gimbrar undan honum í haust. Afkvæmi hans eru yfirleitt lagðrúð og falleg á velli. Þau eru um meðaltal í stigun en aðeins undir meðaltali í bakvöðva. Hann á þó nokkuð af úrvalsgóðum hrútsefnum og gimbrum. Samkvæmt kjötmatsniðurstöðum í haust hefur Askur skilað ágætum þroska og mjög góðri gerð til afkvæma sinna, sérstaklega ef tekið er tillit til þunga enda stendur hann sterkur í kynbótamati fyrir gerð.

Lítil reynsla er komin á dætur Asks. Á heimabúi báru 13 tvævetlur 1,92 lömbum að meðaltali í vor og 17 veturgamlar dætur hans áttu að jafnaði 1,35 lömb á Borgarfelli. Í báðum tilfellum var útkoman töluvert yfir meðaltali búanna beggja. Afurðastig dætra hans á heimabúi eru 4,68.

Samkvæmt kynbótamati Asks er hann lofandi hrútur sem ærfaðir og góður lambafaðir.


Litaerfðir: Askur er arfblendinn grár en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-48-104-35/2,7/4,0-8,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun 2023

Gerð	2023
Fjöldi	103
Þungi	48,3
Fótleggur	107,5
Læri	17,7
Ull	8,2
Ómvöðvi	30,0
Ómfita	3,1
Lögum	4,2




NÝR

19-903 LAXI

frá Svarfhóli, Laxárdal.

H154
H154



FFF: Bekri 12-911; MFF: Laufi 08-848; MFMF: Raftur 05-966; MMFF: Þráður 06-996



19-903

Lýsing: Hvítur, hyrndur, nokkuð grófgerður um herðar. Malir mjög breiðar og lærahold allgóð. Fótleggur 117 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hvítur aðeins svartdröfnóttur á haus. Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið fremur stutt, einkum í baki og ullarmagn í tæpu meðallagi.


Reynsla: Meginástæða þess að Laxi var fenginn í þjónustu stöðvanna er að hann er arfhreinn AHQ-hrútur og skilar því AHQ-genasamsætunni til allra afkvæma sinna. Ásamt því að veita þol gegn riðuveiki er Laxi um leið vel frambærilegur hrútur m.t.t. allra helstu ræktunareiginleika. Hann er kominn á þann aldur og hefur verið það mikið notaður, að kynbótamatíð ætti að lýsa kostum hans best.

Laxi átti samtals tíu tveggja og þriggja vetra dætur á Svarfhóli nú í vor og áttu þær að jafnaði tvö lömb. Tíu veturgamlar dætur hans áttu 1,0 lamb til jafnaðar. Móðir Laxa, 17-411, varð heldur skammlíf en hún átti tvö lömb sem gemlingur og næstu tvö vor þar á eftir. Hún fékk 7,8 afurðastig fyrir þessi ár. Faðir hennar, Aspar 11-510, sem var sonur Laufa 08-848 frá Bergstöðum á Vatnsnesi, reyndist frábær ærfaðir á Svarfhóli og á þar enn stóran dætrahóp.

Litaerfðir: Á Svarfhóli eru skráð fjögur svört lömb og eitt grátt af rúmlega tvö hundruð afkvæmum Laxa, sem þar hafa fæðst síðastliðin fjögur ár. Frekari reynsla á landsvísu leiðir betur í ljós hvaða litum hann getur skilað.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stígun: 2019-49-110-38/2,6/4,5-8,0-8,0-8,5-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,0 stig.



20-892 AUSTRI

frá Stóru-Hámundarstöðum, Árskógsströnd.

T137



MFF: Myrkvi 10-905



20-892

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Gerðarlegur hrútur með mjög góð lærahold. Bollengd í meðallagi. Fótleggur 123 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur með svartdröfnóttan haus og svört doppa fannst á herðakambi. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið er fremur fínt og hrokkið. Þelið þykkt og ullin mjúk. Ullin er eðlisgóð og hrúturinn fremur ullarmikill.

Reynsla: Austri 20-892 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk góða notkun síðastliðinn vetur og til dóms skiluðu sér um 140 lambhrútar og 170 gimbrar. Hópurinn undan honum er nokkuð breytilegur enda má gera ráð fyrir að arfgerð lambanna hafi stjórnað því meira en þroski þeirra hvort þau komu til dóms. Engu að síður átti hann talsvert af mjög góðum hrútsefnum. Samkvæmt kjötmati í haust er fallþungi lamba undan Austri 18,8 kg og flokkaðist nokkuð hátt hlutfall lambanna undan honum í gerðarflokk E, eða 18,4%.

Vegna ungs aldurs Austri er lítil reynsla komin á dætur hans. Í vor voru dætur hans rétt yfir meðaltali bús í frjósemi, 5 tvævetur áttu 1,80 lömb að meðaltali og 9 veturgamlar báru að jafnaði 1,00 lambi.


Fyrir árið 2022 voru þær einnig rétt um meðaltal í frjósemi og afurðasemi.

Litaerfðir: Austri er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇RQ//ARQ).


Mál og stígun: 2020-51-113-30/2,7/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	100
Þungi	45,8
Fótleggur	108,9
Læri	17,6
Ull	8,1
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	3,1
Lögur	4,2



21-897 SÆVAR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



21-897

Lýsing: Hvítur með fríðan haus og vanin horn. Ákaflega sívalur og útlögumikill með breiða bringu. Mala- og lærahold frábær. Fádæma holdahnykill. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust varla í reyfi. Togið mikið og liðað en í meðallagi fínt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Sævar 21-892 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk góða notkun á stöð í fyrra enda spennandi valkostur eftir afgerandi góða niðurstöðu úr afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum 2022. Undan Sævari komu til dóms um 70 lambhrútar og 130 gimbrar. Hann skilaði jöfnum og mjög vel gerðum lömbum. Lambhrútarnir undan honum voru í hópi hæst stiguðu sona stöðvahrútanna þetta haustið. Þeir voru með mjög öflugan fram- og afturpart og skörtuðu næstþykka bakvöðvanum að jafnaði en meðaltal þeirra, leiðrétt fyrir þunga, var 34,9 mm. Hann er næsthæstur stöðvahrúta í kynbótamati fyrir bakvöðvabykkt, með einkunnina 141. Þar kemur hann næstur á eftir frænda sínum Úlla 22-914 frá Ytri-Skógum sem er með 142. Samkvæmt kjötmati í haust er fallþungi lamba undan Sævari 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,29 og einkunn fyrir fitu 6,85 en lömbin sem fóru í sláturhús flokkuðust ákaflega vel og rúmlega 27% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E.


Sævar á 10 dætur á heimabúi. Þær eru frjósamar, áttu 1,80 lömb í vor, og skiluðu þær vænum lömbum í haust sem gefur góð fyrirheit um að Sævar verði einnig góður ærfaðir.

Litaerföir: Sævar er arfblendinn í A-sæti og erfir alla grunnliti leyfi móðurætt það. Hann erfir tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2021-47-108-36/2,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	67
Þungi	49,8
Fótleggur	108,6
Læri	17,9
Ull	7,9
Ómvöðvi	34,9
Ómfita	3,1
Lögun	4,4



21-898 STROKKUR

frá Hesti, Borgarfirði.



21-898

Lýsing: Hvítur krapphyrndur. Örlítið grannur um herðar en góð mala- og lærahold. Finlegur og prýðilega gerður hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur stutt og gróft en þelið þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Strokkur 21-898 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk ágæta notkun á stöð en til dóms skiluðu sér 103 lambhrútar og 200 gimbrar. Lambhrútarnir voru heldur undir meðallagi í þunga, en með ágætlega þykkum bakvöðva og sterk lærahold. Samkvæmt kjötmati í haust er fallþungi lamba undan Strokk 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,73, einkunn fyrir fitu 6,46 og 17,4% skrokkanna fóru í holdfyllingarflokk E.


Lítill reynsla er komin á Strokk sem ærföður vegna ungs aldrs. Dætur hans voru heldur undir meðaltali í frjósemi í vor, með 0,88 lömb fædd en meðaltal búans var 1,25 hjá veturgömlum ám. Kynbótamatið gefur von um að hann gefi dætur sem verði yfir meðaltali í mjólkurlagni og um meðaltal í frjósemi.

Litaerföir: Strokkur er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-46-109-33/3,4/4,5-7,5-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	103
Þungi	46,0
Fótleggur	107,4
Læri	17,9
Ull	8,1
Ómvöðvi	32,6
Ómfita	2,9
Lögun	4,4





KERRUR OG VARAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI




Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

NÝR

21-909 BOGI

N138

frá Skarðaborg, Reykjahverfi.



21-909

Lýsing: Hvítur hyrndur með nokkuð krappt hornalag. Sívalur, jafnvaxinn hrútur með góða bollengd. Mala- og lærahold mjög góð. Fótleggur er 118 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Vel hvítur en svolítið svartdröfnóttur á haus. Örfá gul hár fundust í reyfinu aftan til. Togið í meðallagi fint og ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar á vegum stöðvanna á Litlu-Reykjum í Reykjahverfi lágu fyrir nú í haust var ákveðið að falast eftir Boga 21-909. Þar átti hann næstbest gerða sláturlambahópinn sem jafnframt var vel yfir meðaltalinu í fallþunga. Boga stóð langefstur í kjötmatseinkunn þar sem sláturlömbin söfnuðu jafnframt fremur lítilli fitu. Þykkt bakvöðva hjá afkvæmum hans var vel yfir meðaltali rannsóknarinnar.

Lítill reynsla er komin á Boga sem ærföður. Fjórar veturgamlar ær undan honum í Skarðaborg áttu 1,25 lömb nú í vor. Haustuppgjör liggur fyrir og virðast þær hafa skilað góðum lömbum því þær eru með 5,75 afurðastig. Móðir Boga, Gráfíkja 15-911, er endingargóð ær. Hún var einlembd gemlingur en hefur síðan ætíð komið tvílembd. Hún hefur 5,1 afurðastig fyrir sjö ár.

Litaerföir: Boga er arfblendinn hvítur enda undan grárrí á. Í Skarðaborg hafa aðeins fæðst undan honum þrjú svört lömb svo víðtækari notkun verður að leiða betur í ljós hvaða litum hann getur skilað.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2021-43-109-30/2,4/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,5 stig.




NÝR

21-910 GLITRI

H154

frá Hellum, Bæjarsveit.



21-910

Lýsing: Hreinhvítur hyrndur, örlítið grófur um herðar. Útlögur í meðallagi. Lærahold mjög öflug. Sterkbyggður hrútur. Fótleggur 121 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur fint og þelið nokkuð þykkt. Ágætur gljai á ullinni. Ullarmagn í meðallagi og ullin góð.


Reynsla: Glitri 21-910 var falaður fyrir stöðvarnar sumarið 2023. Réði þar mestu að hann er arfblendinn fyrir AHQ og auk þess hreinhvítur og gerðarleður einstaklingur. Hann stóð efstur í afkvæmarannsókn heima á Hellum haustið 2022. Þar sótti hann yfirburðina fyrst og fremst í gríðarlega hagstætt kjötmat. Fallþungi sláturlamba undan honum var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og fyrir fitu 6,1. Meðaltal rannsóknarinnar var: Fallþungi 18,0 kg, gerðareinkunn 11,5 og einkunn fyrir fitu 7,0.

Glitri er skiljanlega lítið reyndur sem ærfaðir. Fjórar veturgamlar dætur hans á Hellum áttu til jafnaðar 1,25 lömb nú í vor en meðalfrjósemi veturgamalla áa á búinu var 1,37 lömb fædd. Móðri Glittra, Þjóð 17-023, var einlembd gemlingur, en hefur síðan verið tvílembd nema einu sinni þrílembd. Hún hefur 6,2 afurðastig fyrir fimm ár.

Litaerföir: Glitri er arfblendinn hvítur og erfir tvilit en ekki mórault – gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-46-110-33/2,2/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig.




NÝR

22-914 ÚLLI

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

C151



22-914

Lýsing: Vel hvítur, hyrndur með gott hornalag. Fremur finlegur hrútur og jafnvaxinn. Lærahöld mjög góð. Þéttvaxin fríðleikskind. Fótleggur 115 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Togið liðað og fremur fínt. Þelið þétt og þykkt. Ull góð og ullarmagn vel yfir meðallagi.


Reynsla: Úlli 22-914 var valinn til notkunar á sæðingastöð að aflokinni afkvæmarannsókn hrúta í Ytri-Skógum í september 2023. Hann stóð í öðru sæti í afkvæmarannsókninni en var langefstur í uppgjöri lambhrúta á fæti. Meðalþykkt bakvöðva lambhrúta undan Úlla var 33,0 mm en meðaltal afkvæmarannsóknarinnar var 31,4 mm. Má nefna að hann er hæstur stöðvahrúta í kynbótamati fyrir ómvöðva, með 142. Hann var yfir meðaltali fyrir alla eiginleika nema fyrir þunga þar sem hann er aðeins undir meðaltalinu. Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og fitu 6,6. Meðaltöl afkvæmarannsóknarinnar voru fallþungi 18,1 kg, gerðarmat 11,7 og einkunn fyrir fitu 6,2.

Móðir Úlla, Brussa 21-438, er óreynd en fer vel af stað. Hún var tvílembd gemlingur og bæði lömbin sett á (Úlli annað þeirra). Hún var tvílembd í vor, skilaði góðum lömbum og er með 6,0 í afurðastig.

Litaerfðir: Úlli er arfblendinn hvítur, gefur líklega alla liti og tvílit - gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2022-46-105-36/2,2/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=85,0 stig.



NÝR

23-922

BJARKI

frá Hafrafellstungu, Öxarfirði.

R171



23-922

Lýsing: Hvítur, sivalhyrndur með fremur krappt hornalag. Ágætlega jafnvaxinn, þroskamikill með mjög vel lagaðan lærvöðva.

Ullarlýsing: Hvítur en aðeins gulur í hnacka og ljósgulur á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarlag er dálítið misjafnt um búkinn. Mikið tog og strítt framan til en mun styttra og hrokknara aftan til. Þelið þunnt og ullarmagn í slöku meðallagi.


Reynsla: Bjarki 23-922 er sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR-samsættuna frá honum.


Móðir Bjarka, Evíta 21-160, átti eitt lamb bæði gemlingur og tvævetla. Hún hefur 2,3 afurðastig fyrir gemlingsárið.

Litaerfðir: Bjarki á engin afkvæmi en allar líkur eru á að hann reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-55-110-31/3,7/5,0-7,5-9,0-9,0-8,5-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=87,5 stig.





Lýsing: Hvítur hyrndur með gott hornalag. Herðar fremur grannar en mala- og lærahold góð. Fremur bollangur og harðholda hrútur.

Ullarlýsing: Hvítur en aðeins gulur á fótum en ekki í hnakka eða á dindli. Togið stutt og strítt og belið þunnt. Ullarmagn fremur lítið.


Reynsla: Styrmir 23-930 er sonur Hornsteins 22-901 frá Pernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum.

Móðir Styrmis, Músý 20-476, var tvílembd gemlingur og einnig tvævetur og þriggja vetra. Hún hefur 5,7 afurðastig fyrir tvö ár.

Litaerfðir: Styrmir á engin afkvæmi en allar líkur eru á að hann reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-51-109-32/4,0/4,5-8,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig.



Lambhrútaskoðun: Yfirlit um helstu meðaltöl frá árinu 2003

Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðalþungi	Ómv.	Ómf.	Lögun	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9
2021	4.396	49,0	31,4	3,2	4,3	17,9	85,2
2022	3.764	47,8	31,3	3,1	4,3	17,9	85,2
2023	4.084	48,1	31,7	3,3	4,3	17,8	84,8



Kubota

Kubota er eins og
sniðin fyrir íslenskan
landbúnað



Skannaðu mig




PÓR ■

Reykjavík og Akureyri
568-1513 og 568-1556

NÝR

23-931 JÓR

frá Hesti, Borgarfirði.



23-931

Lýsing: Hreinhvítur, grófhyrndur. Bollengd í góðu meðallagi, örlítill grófleiki um herðar en að öðru leyti prýðilega gerður hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, tugið fremur stutt og fínt en þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Jór 23-931 er sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR-samsætuna frá honum.

Móðir Jós, 20-826 var tvílembd bæði gemlingur og tvævetla og átti þrjú lömb nú í vor. Hún er með 5,6 afurðastig fyrir tvö ár.

Litaerfðir: Jór á engin afkvæmi en er að öllum líkindum arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: Lambsdómur er ekki til.



NÝR

23-933

TJALDUR

frá Stóru-Hámundarstöðum, Árskógsströnd.

T137



23-933

Lýsing: Svartkrúnöttur, hyrndur með hvítan hálfkragu. Fætur hvítir að mestu en svartir sokkar. Snyrtilega gerður hrútur með ágæt lærahold.

Ullarlýsing: Ullin svört að langmestu leyti en talsvert af hvítum grófum hárum hér og þar í reyfinu. Tugið liðað, nokkuð langt og fremur fínt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Tjaldur 23-933 er arfblendinn fyrir breytileikanum T137. Um helmingur afkvæma hans mun erfa T137 frá honum en breytileikinn er talin hafa verndandi áhrif gegn riðusmiti.

Móðir Tjalds, Komma 21-130, átti eitt lamb sem gemlingur og síðan tvö nú í vor. Hún er með 4,3 afurðastig fyrir gemlingsárið.

Litaerfðir: Tjaldur á engin afkvæmi en hann getur væntanlega gefið alla liti nema fremur ólíklegt er að mórauði liturinn komi fram. Litirnir í afkvæmahópnum mun þó leiða þetta í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2023-47-112-29/2,4/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-18,0-8,5-8,0-8,5=85,0 stig.



Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum




Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands



19-888 MÓRI

frá Klúku, Steingrímsfirði.



19-888

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Útlögumikill og breiðvaxinn. Malir langar og holdfylltar. Lærvöðvi lokar klofi mjög vel. Vörpulegur hrútur, nokkuð stórvaxinn en vel holdfylltur. Fótleggur 125 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Mórauður, fremur ullarmikill. Liturinn nokkuð dökkur og hreinn nema dálítið um ljós hár í síðum og í lærum. Ullin togmikil en togíð hrokkið og fremur fínt. Þelið í þynnra lagi.

Reynsla: Móri 19-888 er að hefja sinn annað vetur á sæðingastöð. Hann fékk töluverða notkun á stöð í fyrra og skiluðu sér til dóms um 60 lambhrútar og tæplega 150 gimbrar undan honum. Lambhrútar undan Móra eru þroskamiklir með lærahold um meðaltal en bakvöðvinn mætti vera heldur öflugri. Samkvæmt kjötmati í haust er fallþungi lamba undan Móra 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,67, einkunn fyrir fitu 7,32 og 74,8% lambanna flokkuðust í gerðarflokkana E og U.


Samkvæmt kynbótamati lofar Móri mjög góðu sem ærfaðir. Dætur hans á heimabúi eru alls 25 og koma vel út. Þær eru frjósamar. Í vor áttu fullorðnar dætur hans 2,13 lömb að jafnaði, tvævetlur 1,91 og veturgamlar 1,0. Meðaltal búsinns fyrir fullorðnar ær var 1,88 lömb, tvævetlur 1,85 og veturgamlar 1,17. Dætur Móra voru með 5,09 í afurðastig árið 2022.

Litaerfðir: Móri er mórauður og getur gefið alla grunnliti leyfi móðurætt það. Hann erfir tvílit og gefur því hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-56-117-33/3,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	53
Þungi	50,8
Fótleggur	113,1
Læri	17,7
Ull	8,3
Ómvöðvi	28,8
Ómfita	3,5
Lögur	4,1



19-889 KÚSTUR

N138

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði (Keyptur frá Hornsstöðum, Laxárdal).



FFFF: Baugur 10-889, FMFF: Magni 13-944, MFMF: Styggur 99-877, MMFF: Sigurfari 09-860



19-889

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Frampartur breiður og sívalur. Malir mjög vel holdfylltar og lærahold frábær. Mikill glæsigripur. Fótleggur 118 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Togið fremur hrokkið en í grófara lagi. Þel þykkt og mikið. Ullargóður hrútur.

Reynsla: Kústur 19-889 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöð. Hann fékk þó nokkra notkun á stöð í fyrravetur og skráðir dómar í Fjárvísi eru á um 70 lömbum af hvoru kyni undan honum. Kústur gefur ágætlega þroskuð lömb. Bakvöðvinn er aðeins undir meðaltali hjá lambhrúttunum en aðrir eiginleikar þeirra liggja annars um meðaltal. Undan Kústi komu nokkur hátt stíguð hrútsefni, m.a. tveir hrútar sem fengu alls 90 stig. Samkvæmt kjötmati í haust er fallþungi lamba undan Kústi 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,16, einkunn fyrir fitu 7,37 og 62% lambanna flokkuðust í gerðarflokkana E og U.


Samkvæmt uppgjöri skýrsluhaldsins 2022 kom Kústur ágætlega út bæði fyrir frjósemi og afurðasemi dætra. Kynbótamatseinkunn hans fyrir fallþunga og mjólklagn er góð en fyrir frjósemi er hún 96. Frekar fáar dætur liggja bak við þetta kynbótamat og með auknum fjölda ásettra dætra eykst reynslan af Kústi og öruggara mat fæst á hann sem ærfaðir.

Litaerfðir: Kústur er arfblendinn hvítur – erfir mórautt, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN₁₃₈RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2019-51-109-33/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2023
Fjöldi	66
Þungi	47,4
Fótleggur	108,6
Læri	17,7
Ull	8,4
Ómvöðvi	29,9
Ómfita	4,0
Lögur	4,1




NÝR

20-908 KÓPUR

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

H154



VESTURLAND KOLLÓTTIR

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Gerðarlegur hrútur með óvenju góða holdfyllingu aftan við herðar og fádæma malabreidd. Lærvöðvinn jafnframt prýðilega lagaður. Vinstri framfótur aðeins snúinn. Fótleggur er 121 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur fínt og nokkuð langt. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Kópur 20-908 var falaður eftir að niðurstöður afkvæmarannsóknar sem gerð var á vegum stöðvanna í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit lágu fyrir í haust 2023. Afkvæmi Kóps lágu nærri meðaltali í rannsókninni að flestu leyti. Fallþungi sláturlamba undan honum var 20,6 kg, gerðareinkunnin var 11,4 og einkunn fyrir fitu reyndist 7,5. Meðalfallþunginn í rannsókninni var 21,1 kg, einkunn fyrir gerð var 11,4 og fyrir fitu 7,2. Þykkt bakvöðvans var 29,9 mm hjá afkvæmum Kóps en meðaltal rannsóknarinnar var 29,6 mm. Þar sem enginn mjög afgerandi sigurvegari kom fram í þessari rannsókn var ákveðið að fá Kóp til stöðvanna þar sem hann kom nokkuð sterkur út úr samanburðinum og er jafnframt arfblendinn fyrir lítt næmu arfgerðinni AHQ. Einnig var horft til þess hve vel hann hefur reynst sem lambafaðir á Hjarðarfelli á síðustu árum.

Móðir Kóps, 15-532, var tvílembd sem gemlingur; síðan hefur hún fjórum sinnum verið tvílembd, einu sinni þrílembd og tvisvar einlembd. Hún er með 6,1 afurðastig fyrir sjö ár.

Litaerfðir: Kópur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-49-108-31/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.



Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



**STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA**

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is



NÝR

22-915 PRÚÐUR

frá Miðdalsgröf, Tungusveit.

C151



22-915

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Fágaður hrútur að allri gerð og afar þéttholda og átaksgóður hvar sem á honum er tekið. Prúður og rólegur í umgengni. Fótleggur er 119 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið í meðallagi langt og fremur fínt. Þelið þykkt og mikið. Mjög ullarmikill hrútur.


Reynsla: Prúður 22-915 var í fyrsta lagi valinn inn á stöðvarnar vegna þess að hann er arfblendinn fyrir C151 sem er breytileiki sem er talin hafa verndandi áhrif á næmi kinda fyrir riðusmiti. Prúður er jafnframt stórglæsilegur einstaklingur og hans fyrsti afkvæmahópur vekur vonir um að hér fari prýðilegur lambafaðir. Hann átti 29 sláturlömb heima í Miðdalsgröf nú í haust og var fallþungi þeirra 17,9 kg, einkunn fyrir gerð var 11,7 og mat fyrir fitu 7,5.

Móðir Prúðs, Aska 19-406, var einlembd gemlingur en hefur síðan verið tvilembd. Hún er með 4,7 afurðastig fyrir þrjú ár.

Litaerfðir: Prúður er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2022-47-1 | 10-32/4,1/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=88,0 stig.



NÝR

23-918 BLÆR

frá Hraunhálsi, Helgafellssveit.

N138

R171



23-918

Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur. Breiðvaxinn og samanrekinn hrútur með mjög góða holdfyllingu hvar sem á honum er tekið.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur slétt og heldur í grófara lagi. Þelið nokkuð þykkt og góður gljá á ullinni. Ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Blær 23-918 er sonur Gimsteins 21-899 frá Pernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR frá honum.

Móðir Blæs, Brúsa 17-258, var tvilembd sem gemlingur og öll ár síðan nema þau tvö skipti sem hún hefur verið þrilembd. Hún er með 7,4 afurðastig fyrir fimm ár. Aðeins hefur verið slátrað undan henni fimm lömbum og er meðalfallþungi þeirra 24,9 kg. Sjö lömb undan henni hafa ýmist verið sett á heima eða seld á önnur bú.

Litaerfðir: Blær á engin afkvæmi. Móðir hans er hvít en hefur átt bæði svört og svartflekótt lömb. Það eru því ákveðnar líkur á að Blær gefi einhverja liti en hann skilar örugglega hreinhvítu eins og hann er sjálfur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendin á móti lítið næmri (ARR//AN₁₃₈RQ).

Mál og stigun: 2023-47-1 | 10-33/4,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,0=86,5 stig.



NÝR

23-919
MOLI

frá Miðdalsgröf, Tungusveit.

R171

GULLMOLI 22-902
frá Þernunesi

DÍLA 20-497

EINAR 19-004

~ NJÁLU-BRENNA 17-717

SVALUR 18-204

~ BRILLA 15-165

frá Broddanesi I

23-919



Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur. Samanrekkinn holdaköggull og fagaður að allri gerð.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur fínt en aðeins grófara framan til. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.


Reynsla: Moli 23-919 er sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi og er hann arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR- genasamsæturna frá honum.

Móðir Mola, Díla 20-497, hefur átt tvö lömb frá því að hún var gemlingur. Hún er með 4,8 afurðastig fyrir tvö ár. Ekki er búið að gera upp framleiðsluárið 2023 en tvílembingurinn á móti Mola var 53 kg hrútur sem einnig var settur á.

Litaerfðir: Moli á engin afkvæmi. Gullmoli faðir hans er arfblendinn hvítur og gefur svart og tvílit en ekki mórautt. Móðir Mola hefur aðeins átt hvít lömb. Það kemur í ljós næsta vor hvort Moli reynist arfhreinn eða arfblendinn hvítur. Hann gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2023-51-106-34/4,0/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,5 stig.



STAMPAR

FYRIR ÞITT SAUÐFÉ!



LIFELINE - Lömb og ær



- Betri broddmjólk
- Hraustari lömb
- Óerfðabreytt

LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Sauðfjárstampur



Alhliða sauðfjárstampur – sérframleitt fyrir íslenskt sauðfé. Hentar fyrir fé á öllum aldri, allan ársins hring. Uppfyllir steinefna/ snefilefna/vítamín þarfir gripanna. Hagstætt hlutfall af kalsíum, magnesíum og fosfór.

Orkustampur



Orkustampur er steinefnastampur sem er sérhannaður til að auka orku og meltanleika. Bætir einnig upp efnaskort.

Steinefnablanda



Steinefnastampurinn hentar jafnt úti sem inni, enda er innihaldið sérstaklega veðurþolið. E-Vítamín ríkur.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM
ALLT LAND


NÝR

23-920 HREINN

frá Þernunesi, Reyðarfirði.

R171

R171



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Vel gert lamb með mjög góð læri. Breiðvaxinn og samanrekkinn hrútur en vantar aðeins upp á þroska til að hann sýni sitt rétta atgervi. Fótleggur er 105 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hvítur, gulur við dindil og á fótum en lítið gulur í hnakka. Töluvert er um gul hár í reyfinu, einkum aftan til. Togið er fremur fínt og liðað og ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Hreinn 23-920 er fyrsti arfhreini hrúturinn með ARR sem kemur inn á stöðvarnar. Öll hans afkvæmi munu erfa þennan eftirsóknarverða eiginleika frá honum.

Hreinn er sonur ungra foreldra. Móðir hans átti tvö lömb nú í vor og var Hreinn vaninn undir aðra veturgamla á. Faðir hans, Svenni 22-203, er einnig faðir Móða 23-921 frá Þernunesi sem verður í Þorleifskoti í vetur. Svenni átti 35 sláturlömb nú í haust og var fallþungi þeirra 16,1 kg, einkunn fyrir gerð var 10,2 og fyrir fitu 6,6.

Litaerfðir: Hreinn á engin afkvæmi. Faðir hans, Svenni 22-203, er arfblendinn hvítur og hefur gefið grá, svört og grámórauð lömb, einnig tvílít. Hreinn gæti því mögulega gefið fjölbreytta líti og það mun koma í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2023-40-101-29/2,8/4,5-8,0-8,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=85,0 stig.



NÝR

23-926 STEINN

frá Kaldbak, Rangárvöllum.

R171



Lýsing: Svartur, kollóttur. Bringubreiður og útlögumikill. Bakið breitt og átaksgott og lærahold úrvalsgóð. Bollengd í meðallagi. Frábærlega gerður hrútur að öllu leyti. Við skoðun á Steini kom í ljós nafslat, ca 2 cm að þvermáli rétt ofan við skaufahúsið. Óvíst er hvað veldur, ekki hægt að útiloka að um erfðatengdan galla sé að ræða. Slíkur galli er þó ekki þekktur í hans ættum.

Ullarlýsing: Svartur og litur mjög jafn nema örlítið finnst af ljósum hárum framan til í reyfi. Togið fremur langt og mjúkt. Þelið mikið. Ullarmikill hrútur.


Reynsla: Steinn 23-926 er sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi og arfblendinn gagnvart ARR. Um helmingur afkvæma hans mun erfa ARR-samsætuna frá honum.

Móðir Steins, Gullsvört 20-244, átti eitt lamb gemlingur, var þrilembd tveggja vetra og svo tvílembd nú í vor. Hún hefur 5,7 afurðastig fyrir þrjú ár.

Litaerfðir: Steinn á engin afkvæmi. Hann er svartur en óvíst er hvort hann erfi mórault eða tvílít. Það mun skýrast næsta vor. Rétt er að benda ræktendum feldfjár sérstaklega á þennan hrút til að koma ARR-arfgerðinni inn hjá feldfénu án þess að hvíti liturinn komi við sögu á þeirri vegferð.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndanadi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).


Mál og stigun: 2023-53-110-35/4,1/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,5-8,0-8,0-8,0=88,0 stig.



FELDFJÁR
HRÚTUR

18-881
BRÚSI

frá Melhól, Meðallandi.



FFF: Lobbi 09-939, 09-012 er móðir Ljúfs 16-817 frá Melhóli



18-881

Lýsing: Grár, kollóttur með þröttlegan og svipfríðan haus. Að sköpulagi minnir hann á fyrri feldhrúta á stöðvunum en er þó heldur þéttvaxnari og lágfættari en margir þeirra. Fótleggur 126 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Steingrár og litur mjög jafn um allan bolinn. Eins og vera ber hjá feldhrút er ullin mjög belltil en togid fint, hrokkið og togháragerðin mjög jöfn.

Reynsla: Brúsi 18-881 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Þau lömb sem komu til felddóms undan honum í haust sýndu að hann getur reynst mjög öflugur til að bæta feldgæði. Komu fram lömb sem fengu allt að 28 stig í heildina, bæði á Suður- og Vesturlandi. Á Melhóli voru felddæmd ríflega 70 lömb nú í haust. Þessi lömb voru öll felddæmd sama daginn af sömu dómurum. Ríflega fimmtíu þeirra voru undan Gassa 20-300 sem er sonur Brúsa. Afkvæmi Gassa

fengu að meðaltali 21,6 í heildarstig. Um tuttugu af afkvæmum Gassa fengu 24 stig eða meira og það lamb sem stigaðist best fékk heil 30 stig af 35 mögulegum. Það er engum vafa undirorpið að á Melhóli er langræktaðasta hjörð landsins hvað feldgæði varðar. Mikilvægt er að varðveita þann árangur sem þar hefur náðst og dreifa í önnur varnarhólf með sæðingum.

Best er að nota gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og er kostur að ull þeirra sé þelltil og togid langt og fingert.

Litaerföir:

Brúsi er arfblendinn grár í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvilit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).

FORYSTU
HRÚTUR

17-861
FJALLI

frá Hárlaugsstöðum 2, Ásahreppi.

H154



MFF: Karl Philip 05-827; FFFF: Blesi 98-884



17-861

Lýsing: Fjalli er móarnhosóttur, krapphyrndur, hnarreistur og upplitsdjarfur, ákaflega höfðinglegur á velli. Eins og góðum forystuhrúti sáemir er hann athugull og vel vakandi fyrir umhverfi sínu í hvívetna enda augað bæði svipgott og vökult. Fas hans og framgangur er til sóma, hann er ljúfur og sýndi sitt góða eðli mjög glögg: í haust er hann fór fyrir hópi hinna miklu kynbótakabra stöðvanna er þeir voru teknir á hús. Fjalli er mjög meðfærilegur og var notaður á heimabúi til að leita í ánum á fengitið.

Fjalli 17-861 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Um nokkurt árabil hefur sú regla verið í heiðri höfð að hver forystuhrútur sé aðeins tvö ár á stöðvunum. Ákveðið var að víkja frá þessari reglu núna þar sem Fjalli hefur þann stóra kost að vera arfblendinn fyrir AHQ sem virðist veita mjög sterka vörn gagnvart riðusmiti. Sambærilegur hrútur hvað það varðaði var heldur ekki í hendi. Fjalli er tiltölulega lítt skyldur þeim forystuhrútum er stíkað hafa um

krubbur sæðingastöðvanna undanfarin ár þó hann eigi ættir að rekja til fallinna höfðingja eins og Blesa 98-884 og Karls Philips 05-827. Fjalli á einkum ættir að rekja til hinnar rötgrónu forystufjarræktunar Norður-Þingeyinga, en einnig til forystufjár á Suðurlandi sem þar hefur verið ræktað um árabil. Að þessu sögðu verður vart annað ályktað en Fjalli henti prýðisvel til viðhalds hinum margrómaða og einstaka eiginleika sem forystueðli íslenska forystufjárins er.

Litaerföir:

Undan Fjalla geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).



AFKVÆMARANNSÓKNIR VEGNA SÆDINGASTÖÐVANNA 2023

Eypór Einarsson, RML

Afkvæmarannsóknir vegna sædingastöðvanna voru gerðar upp á 5 búum á liðnu hausti. Færri hrútar koma inn á sædingastöðvarnar í haust en oft áður úr þessum rannsóknum. Að hluta til er skýringin sú að nú var tekið meira tillit til þeirra arfgerða sem hrútarnir bera m.t.t. riðunæmi og því meiri kröfur gerðar til þeirra hrúta sem bera enga vörn gegn riðu (hlutlausu hrútanna).

Þakkir eru færðar þeim sem lánuðu hrúta í til prófunar og þeim bændum sem sáu um framkvæmd rannsókna.

BJARNARHÖFN, SNÆFELLSNESI

Í Bjarnarhöfn var prófun á kollóttum hrútum. Aðkomuhrútar fengnir til prófunar voru þeir Kópur 20-908 frá Hjarðarfelli, Lómur 19-717 frá Hjarðarfelli og Prímus 21-005 fenginn hjá Kristni Jónassyni bæjarstjóra í Snæfellsbæ sem keypti hann sem lamb frá Hjarðarfelli. Í heild voru 7 hrútar í samanburðinum. Dómar fóru fram 25. september og slátrun 27. september á Selfossi. Dómari var Árni B. Bragason en Sigvaldi Jónsson sá um ómmælingar. Niðurstaðan var að fala Kóp 20-908 fyrir stöðvarnar.

SMÁHAMRAR, STEINGRÍMSFIRÐI

Á Smáhömrum voru í samanburði 6 kollóttir hrútar. Aðkomuhrútar voru þeir Páll 20-324 frá Miðdalsgröf og Sæfinnur 21-131 frá Heydalsá 1. Skoðun lamba fór fram 20. september og slátrun 22. september á Hvamnstanga. Dómari var Eypór Einarsson en mælingamaður Þorgerður Gló Tómasdóttir. Enginn hrútur var tekinn inn á sædingastöð úr þessari rannsókn.

LITLU-REYKIR, REYKJAHVERFI

Á Litlu-Reykjum öttu kappi 7 hyrndir hrútar. Aðkomuhrútar voru Bogi 21-909 frá Skarðaborg og Vörður 21-559 frá Svartáarkoti. Skoðun lamba fór fram 22. september og slátrun 27. september á Húsavík. Dómari var Eypór Einarsson en um ómmælingar sá Guðrún Hildur Gunnarsdóttir. Valinn var fyrir sædingastöðvarnar Bogi 21-909.

KLIFSHAGI, ÖXARFIRÐI

Í Klifshaga var prófun á 8 hyrndum hrútum. Aðkomuhrútar voru þeir Biti 21-708 frá Sandfellsfella 1, Böggull 19-341 frá Gunnarsstöðum, Kokteill 21-202 frá Sveinungsvík, Koppur 21-201 frá Sveinungsvík og Köggull 20-002 frá Hallgilsstöðum. Skoðun fór fram 18. september en slátrun 27. september á Kópaskeri. Dómari var Eypór Einarsson en Sigurður Þór Guðmundsson sá um ómmælingar. Enginn hrútur var tekinn á stöð úr þessari rannsókn.

YTRI-SKÓGAR, EYJAFJÖLLUM

Á Ytri-Skógum var að vanda afkvæmarannsókn á veturgömlu hrútum búansins. Einn aðkomuhrútur var fenginn til að keppa við þá en það var Kátur 20-905 frá Efstu-Grund. Skoðun á lambhrútum fór fram 26. september og slátrun 29. september á Selfossi. Dómari var Fanney Ólöf Lárusdóttir en um ómmælingar sá Pálína Pálsdóttir. Tveir hrútar voru falaðir fyrir stöðvarnar, þeir Kátur 20-905 og Úlli 22-914.

Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2023

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
16-824 Breki	186	18,7	10,56	6,66	16,1%	53,2%	46,2%
16-841 Sammi	141	18,5	10,26	6,68	11,3%	53,9%	45,4%
16-868 Hvíslí	102	18,7	10,38	6,57	15,7%	51,0%	47,1%
17-842 Börkur	107	18,4	11,17	6,95	26,2%	54,2%	38,3%
17-843 Satúrnus	41	17,0	9,39	6,49	12,2%	26,8%	46,3%
17-870 Dalur	92	18,0	10,48	6,79	10,9%	60,9%	43,5%
17-872 Suddi	102	19,3	11,03	7,17	25,5%	52,0%	30,4%
17-873 Svartur	178	18,5	10,01	6,79	8,4%	51,1%	43,3%
18-834 Rammi	291	18,5	10,77	6,92	18,9%	55,3%	39,9%
18-880 Fróði	912	18,7	10,42	6,89	14,5%	52,3%	40,2%
18-882 Angi	491	19,4	10,13	7,30	7,9%	55,6%	29,3%
19-848 Glitnir	202	18,9	10,54	6,82	15,3%	55,4%	40,6%
19-849 Kostur	80	18,4	10,81	7,11	13,8%	66,3%	36,3%
19-874 Hnokki	271	18,0	11,33	7,32	31,4%	48,3%	29,5%
19-883 Kraftur	646	18,8	10,65	6,65	15,6%	57,6%	47,2%
19-884 Askur	457	18,1	10,58	6,82	14,2%	58,2%	42,0%
19-885 Alli	569	18,6	10,87	7,10	23,0%	50,1%	34,6%
19-886 Baldur	272	18,7	10,54	6,81	14,7%	55,1%	42,6%
20-875 Galli	372	18,5	11,48	7,10	30,1%	55,9%	37,4%
20-876 Gimli	9	18,0	11,33	7,00	33,3%	44,4%	33,3%
20-877 Grettir	444	19,1	10,82	6,91	19,6%	55,2%	39,2%
20-878 Kurdo	176	18,8	10,74	7,15	17,0%	57,4%	34,7%
20-890 Hnaus	708	19,1	10,93	7,02	21,9%	54,5%	35,9%
20-891 Jaður	321	18,8	11,13	6,98	26,8%	51,4%	38,3%
20-892 Austri	332	18,8	10,67	6,84	18,4%	52,1%	42,2%
21-896 Þór	369	18,3	10,90	7,00	19,2%	59,3%	35,0%
21-897 Sævar	279	19,2	11,29	6,85	27,2%	55,6%	43,7%
21-898 Strokkur	432	18,1	10,73	6,46	17,4%	56,3%	52,3%
22-900 Trausti	40	19,1	10,25	7,58	12,5%	50,0%	27,5%
22-901 Hornsteinn	306	19,1	10,25	7,25	12,7%	49,7%	31,7%
Kollóttir hrútar:							
17-852 Bikar	242	19,6	10,52	7,03	11,6%	60,7%	38,0%
17-853 Þokki	207	20,0	10,57	7,43	14,0%	57,5%	24,6%
18-854 Svörður	252	19,9	10,27	7,03	11,1%	57,5%	33,3%
18-855 Tónn	120	19,8	10,98	7,47	20,8%	58,3%	24,2%
18-863 Jötunn	81	18,9	10,67	7,04	16,0%	56,8%	37,0%
19-864 Dollí	69	19,2	10,78	6,83	23,2%	47,8%	46,4%
19-865 Hamur	122	19,2	10,58	6,84	11,5%	63,1%	43,4%
19-887 Glæsír	283	19,8	10,87	7,23	21,9%	52,3%	31,4%
19-888 Móri	254	19,9	10,67	7,32	15,4%	59,4%	30,7%
19-889 Kústur	203	19,2	10,16	7,37	10,8%	51,2%	27,1%
20-893 Kalli	135	18,9	10,36	7,28	11,1%	57,0%	27,4%
20-894 Fannar	67	18,7	10,46	7,09	7,5%	67,2%	34,3%
21-889 Gimsteinn	732	19,5	10,32	7,73	12,2%	53,3%	20,4%
22-902 Gullmoli	352	20,2	11,40	7,68	30,7%	52,3%	22,2%
Feldfjárrútar:							
18-881 Brúsi	38	15,6	6,18	6,61		2,6%	52,6%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 30. október 2023

Árangur sæðinga vorið 2023 eftir sæðingastöðvhrútum, ósamstilltar ær, ferskt sæði

Hyrndir hrútar, númer og nafn	Ær til uppgjörs	Árangur	Fædd lömb/á
16-824 Breki	229	80%	1,94
16-841 Sammi	150	73%	2,03
16-868 Hvíslí	140	67%	1,95
17-842 Börkur	143	75%	1,84
17-870 Dalur	133	67%	1,87
17-872 Suddi	164	73%	1,76
17-873 Svartur	243	69%	1,86
18-834 Rammi	358	75%	1,95
18-880 Fróði	1.255	70%	1,89
18-882 Angi	727	71%	1,84
19-848 Glitnir	311	67%	1,81
19-849 Kostur	138	64%	1,76
19-874 Hnokki	416	67%	1,78
19-883 Kraftur	782	75%	1,92
19-884 Askur	521	78%	1,97
19-885 Alli	886	67%	1,86
19-886 Baldur	442	66%	1,90
20-875 Galli	511	77%	1,80
20-876 Gimli	19	80%	1,85
20-877 Grettir	730	67%	1,89
20-878 Kurdo	186	77%	2,03
20-890 Hnaus	1.095	69%	1,86
20-891 Jaður	475	74%	1,91
20-892 Austri	487	70%	1,88
21-896 Þór	509	66%	1,85
21-897 Sævar	369	74%	1,96
21-898 Strokur	493	81%	1,84
22-900 Trausti	92	51%	1,72
22-901 Hornsteinn	465	76%	1,94
Kollóttir hrútar, númer og nafn	12.469	71%	1,88
17-852 Bikar	331	74%	1,87
17-853 Þokki	311	72%	1,79
18-854 Svörður	346	70%	1,81
18-855 Tónn	203	64%	1,86
18-863 Jötunn	98	70%	1,84
19-864 Dollí	97	80%	1,90
19-865 Hamur	165	75%	1,83
19-887 Glæsir	507	65%	1,77
19-888 Móri	363	77%	1,88
19-889 Kústur	232	78%	1,95
20-893 Kalli	272	60%	1,81
20-894 Fannar	111	83%	1,94
21-899 Gimsteinn	1.135	73%	1,84
22-902 Gullmoli	621	76%	1,89
Aðrir hrútar, númer og nafn	4.792	72%	1,85
17-843 Satúrnus	45	79%	1,81
17-861 Fjalli	29	87%	1,85
18-881 Brúsi	42	58%	1,71
18-859 Melkollur	18	77%	1,78
	134	73%	1,78
Samtals	17.437	71%	1,87
Sauðfjársæðingastöð Suðurlands	8.860	72%	1,89
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands	8.577	70%	1,86
Samstilltar ær, landið	699	44%	1,73
Samstilltar á öðru gangmáli landið	73	76%	1,63
Fryst sæði allt landið	138	47%	1,69

AÐ LOKNUM LESTRI HRÚTASKRÁR

Eftir Jón Viðar Jónmundsson

Þegar lokið er lestri þessarar góðu bókar er ágætt að leiða hugann að skáldskap. Þar er auðvelt að velja lesefnið vegna þessa að fyrir nokkrum árum birtist Ljóðasafn Ingunnar Sædal og þar rakst ég á undir lok þessarar stórgóðu ljóðabókar á kvæðið sem birtist hér á eftir. Ég sá fyrir mér að þetta yrði að verða lokastef einhvers árgangs hrútaskrárinnar. Hugmyndin fékk dræmar undirtektir hjá þeim sem þá réðu útgáfu skrárinnar. Tók samt hugmyndina aftur upp í haust og fékk þá jákvæða afgreiðslu. Hafði strax samband við Ingunni sem veitti leyfi til birtingar og taldi sér eðlilega heiður af. Ingunn er samkvæmt minni þekkingu sannur Jökuldælingur.

Ég á Jökuldælingum margs góðs að gjalda bæði tengt sauðfé og bókmenninum. Fyrstu bitastæð kynni mín að Jökuldælingum urðu 1972 þegar ég fór með Jökuldælingnum Stefáni Aðalsteinssyni þangað austur vegna tilrauna með sauðfé. Þetta voru dreifðar fóðrunartilraunir líklega þær bitastæðustu hérlendis þar sem m.a. voru metin áhrif vetrarþeir (nýtingar sumarsólar). Um leið kynntist ég notkun þeirra á almanaki í stað klukku.

Þarna sá ég ána Klöpp hjá fjárræktar-sníllingnum Sigurjóni Guðmundssyni á Eiríksstöðum, einstakan grip. Hún var móðir Kletts 64-146 sem efstur stóð á héraðssýningu á Austurlandi 1965 og Halldór Pálsson sagði þá bestu kind í Evrópu, hið minnsta norðan Alpafjalla. Klettur hefði tvímælalaust átt erindi á sæðingastöð en fékk aldrei far þangað vegna banns sauðfjársjúkdómavirvalda á þeim árum. Hann átti sennilega þangað meira erindi en nokkur annar hrútur af Jökuldal. Margir hrútar sem hægt er að rekja ættir til Kletts hafa samt prýtt síður skrárinnar.

Vitað er að allt hyrnt fé á Íslandi á ættir af Jökuldal. Það er vegna hrútaflutninga þaðan í Mývatnssveit á fimmta áratugi nítjándu aldar. Útaf þeim komu þrjár hrútar fæddir 1938 á Grænavatni og seldir í Distilfjörð. Frá Grænavatnshrúttunum er allt hyrnt fé í landinu í dag komið og margt kollótt líka, t.d. margir ARR hrútar í þessari skrá.

Margir Jökuldælingar hafa verið pennialpir. Þar eru Vaðbrekkubræður framarlega í flokki. Framanefndur Stefán Aðalsteinsson og Jón Hnefill skrifuðu mest fræðiritgerðir og -bækur en bræður þeirra Hákon og Ragnar frekar ljóð og laust mál. Sveitungi þeirra Ingunn er ritsníllingur og tími til kominn að njóta snilli hennar.

við lestur hrútaskrárinnar

hvílíkur munur væri það

ef sæðið í art medica

kostaði aðeins

fimmhundraðsextiuogfimm krónur

skammturinn og getið væri um

lærastig, vöðvafylli og fas

liturinn arfhreinn hvítur

gæti hins vegar orkað tvímælis

(Birt með leyfi höfundar. Sjá bls. 308 í Ingunn Snædal. (2015). Ljóðasafn 1995-2015. Reykjavík: Bjartur.)

Fallnir hrútar 2022 - 2023 Ástæður

16-824 Breki	Fullnotaður	19-848 Glitnir	Fullnotaður
16-841 Sammi	Fullnotaður	19-849 Kostur	Fullnotaður
16-868 Hvísli	Felldur - heilsufarsástæður	19-864 Dollí	Fullnotaður
17-842 Börkur	Fullnotaður	19-865 Hamur	Fullnotaður
17-843 Satúrnus	Fullnotaður	19-874 Hnokki	Fullnotaður
17-852 Bikar	Fullnotaður	19-886 Baldur	Felldur - heilsufarsástæður
17-853 Þokki	Fullnotaður	19-887 Glæsir	Felldur - heilsufarsástæður
17-870 Dalur	Fullnotaður	20-875 Galli	Drapst - afvelta
17-872 Suddi	Fullnotaður	20-876 Gimli	Felldur - lítil eftirspurn
17-873 Svartur	Fullnotaður	20-878 Kurdo	Fullnotaður
18-834 Rammi	Fullnotaður	20-890 Hnaus	Felldur vegna sjúkdómavarna
18-855 Tónn	Fullnotaður	20-894 Fannar	Felldur - barkabólga
18-863 Jötunn	Felldur - lítil eftirspurn	22-900 Trausti	Felldur - lítil eftirspurn
18-880 Fróði	Felldur vegna sjúkdómavarna		

SAUÐFJÁRSÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili, þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 45 klst.) en egglosið verður 24-30 klst. eftir að beiðsluð byrjar og eggðið er frjótt í allt að 24 klst. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggðið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 20-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni og leitað er þrisvar sinnum á sólarhring. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfall eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu og stóru sauðfjárbúunum eru engir eða fáir aðrir gripir sem draga athyglina frá fénu og umgengni í fjárhúsum er meiri og tíðar en á blönduðum búum. Þar sem sauðfé er fátt er frístundabúskapur og féð jafnan spök gældýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingar á þessum búum.

SAMSTILLINGAR

SAMSTILLING MEÐ SVÖMPUM

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið og frjósemin hefur verið talsvert lakari en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að blæsma ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðsluð sést.

SAMSTILLING MEÐ SPRAUTUM

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að fá samstillingarsvampa, þá hefur verið brugðið á það ráð að nota prostaglandín sprautur. Þá er fenginn dýralæknir til þess að sprauta ærnar og þær blæsma næstu daga. Til að samstillingin takist sem best er sprautað tvisvar með 7 til 9 daga millibili. Blæsmin dreifast heldur meira en þegar notaður er svampur. Aðferðin hentar vel ef hleypa á til ána en ef á að sæða er best að byrja að leita að blæsma ám strax daginn eftir seinni sprautuna og sæða 16 til 24 klst. eftir að ærin sést standa undir hrúti.

SAMSTILLING MEÐ HRÚTAÁHRIFUM

Ef ánum er haldið frá fullorðnum hrútum fara þær ekki að ganga fyrir en seint í nóvember. Ef þær eru látnar komast vel í tæri við hrúta upp úr miðjum nóvember er líklegt að þær verði blæsma 19 til 23 dögum seinna 4. til 8. desember miðað við hrúta í 15. nóvember. Ef vitað er hvenær á að sæða er hægt taka ærnar á hús og leiða hrúta í gegnum hjörðina 20 til 21 degi fyrir.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR:

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-30 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar, þær á ekki að sæða. Leitað kvöldið áður en á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING:

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 til 60 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI:

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18, 19 og 20 dögum eftir úrtöku.


Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv. Leitað að kvöldi 14. des, 15. og 16. des. Sæðing næsta dag eftir að sést á ánum.

FRYST SÆÐI:

Leita skal þrisvar sinnum á sólarhring, t.d. kl. 7 að morgni, aftur kl. 15 og að lokum kl. 23 að kvöldi. Sæða skal þær ær sem eru blæsma 20-24 klst. seinna.

Dæmi um verklag sem má viðhafa við notkun frysts sæðis:



MEDHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á að kæla sæðið meira ef á að nota það innan skamms, en það þarf að kæla sæðið niður í 5 °C ef á að nota það seint að deginum, um kvöldið eða næsta dag. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepið sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráð vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga tommustokk, málbandi eða hreinum járntein ofan í botn á kútnum og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki má vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í stúti kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

BÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.
 - o Minístrá (grönn 0,25 ml strá) skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.
 - o Mediumstrá (sverari 0,5 ml strá) skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglulega (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréa með mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráð er sett í.
- Passið að sæðingataekið sé þurr.
- Eftir að stráð hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið itrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið að uppþíð strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a.

Skráðið ykkur inn á www.fjarvis.is.

b.

Veljið <Skrá sæðingar> í boxinu vinstra megin.

c.

Skráðið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., tímasetningu sæðinga, hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

NOKKUR RÁÐ TIL ÞESS AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI

Daginn áður en á að sæða er farið í fjárhúsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða daginn eftir.

Seint kvöldið áður en á að sæða er leitað aftur og þær ær sem eru blæsma nú, en voru ekki blæsma um morguninn, eru teknar frá og settar í stú/spil/krubbu nærri hrútunum. Það ættu að lifa 16-24 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinar aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að ragast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!

Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!

ÍSLENSKA
SVEITIN OG SS

FYRIR ÞIG



Á Hótel Rangá er lögð rík áhersla á að nota hágæða íslenskt hráefni úr nærsveitum í eldamennskuna.

Þannig leikur kjötið frá SS stórt hlutverk í einstakri matarupplifun gesta hótelsins

Gæði alla leið

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA